



ÖRYGGISMÁL Í ÚTBOÐSGÖGNUM VEGAGERÐARINNAR

Verknúmer: 18045



Línuhönnun
verkfræðistofa

Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík, www.lh.is
sími: 585 1500, fax: 585 1501, netfang: lh@lh.is

Myndir á forsíðu:

Heimasíða Ístaks: <http://istak.is> og heimasíða Arnarfells: <http://www.arnarfell.is>

Unnið af: Ólafur Árnason, Þróstur Grétarsson, Helga J. Bjarnadóttir		Unnið fyrir: Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar	
Dagsetning: 1. mars, 2005	Skýrslunúmer:		Staða:
Verkefnisstjóri: Helga Jóhanna Bjarnadóttir		Yfirfarið af: Helga J. Bjarnadóttir, Ólafur Árnason, Þróstur Grétarsson,	
Tegund skýrslu: Almenn skýrsla – Umhverfis- og öryggissvið			
Titill skýrslu: Öryggismál í útboðsgögnum Vegagerðarinnar (nr. 18045)			
<p>1.1.1. Útdráttur: Samantekt á lagaákvæðum í heilsuverndar- og öryggismálum og greining á þeim með tilliti til helstu verk- og áhættuþátta í vega- og brúargerð.</p> <p>Gefin er stutt samantekt af innihaldi allra laga, reglugerða og regla sem tengjast heilsuvernd og öryggismálum, og hvernig ákvæði þeirra almennt tengjast verkþáttum vegagerðar. Þessar upplýsingar eru teknar saman í yfirlitstöflu í skýrslunni svo hægt sé á fljótlegan hátt að fá yfirlit yfir hvaða starfsemi vegagerðar tengist hverri reglugerð fyrir sig.</p> <p>Í viðauka er ítarleg greining á hverri reglugerð eða reglu. Þar má finna upplýsingar um tengsl hvernar einstaka greinar í reglugerðum og reglum við vegagerð.</p>			
1.1.2. Lykilorð: Vegagerð, útboðsgögn, öryggiskröfur, vinnuverndarkröfur, lög og reglugerðir, lagagreining, lagalistar			
1.1.3. Verknúmer: VR04ÖM		1.1.4. Fjöldi síðna: 47 + viðauki (146 bls.)	

Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs:

Öllum opin

Engin dreifing nema með leyfi verkkaupa

EFNISYFIRLIT

Töfluskrá.....	iii
1. Inngangur	1
1.1. Bakgrunnur	1
1.2. Markmið	1
1.3. Uppbygging skýrslunnar.....	2
2. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og reglur	3
2.1. Almennt.....	3
2.2. Lög sem varða öryggismál og heilsuvernd í vegagerð.....	3
2.3. Reglugerðir og reglur sem varða öryggismál og heilsuvernd í vegagerð	6
3. Verk- og áhættuþættir í vegagerð	11
4. Tengsl reglugerða og regla við verk og áhættuþætti í vegagerð.....	11
5. Almenn umfjöllun um reglugerðir og reglur eftir efnisflokkum	21
5.1. Almennt.....	21
5.2. Almenn vinnuvernd	21
5.3. Efni og efnanotkun	21
5.4. Hávaði, inniloft/mengun og lýsing	27
5.5. Heilsuvernd á vinnustað – vellíðan í vinnu	29
5.6. Húsnæði	30
5.7. Líkamsbeiting - vinnustellingar	31
5.8. Persónuhlífar.....	31
5.9. Sálfélagslegir þættir í vinnu	32
5.10. Vinna barna og unglunga	32
5.11. Vinnuslys og atvinnusjúkdómar	33
5.12. Vinnuvélar og pallar	33
5.13. Þungaðar konur	35
5.14. Öryggi/atvinnugreinar.....	36
5.15. Öryggisútbúnaður og hljóðafsstig véla.....	39
5.16. Öryggismerkingar.....	40
5.17. Öryggisstarfssemi / innra starf í fyrirtækjum	41
5.18. Aðrar reglugerðir.....	42
6. Samantekt.....	43
7. Lokaorð.....	43
Viðauki 1 – greining á reglugerðum og reglum.....	45

TÖFLUSKRÁ

Tafla 2.3.1 Reglugerðir sem tengjast verkþáttum í vegagerð	7
Tafla 2.3.2 Reglur sem ekki tengjast verkþáttum í vegagerð	8
Tafla 3.2.1 Verkpættir sem tekið er tillit til við greininguna og áhrifapættir hvers verkpáttar	11
Tafla 4.1 Tengsl verkþátta og reglugerða um öryggismál og heilsuvernd	16

2. INNGANGUR

2.1. BAKGRUNNUR

Í þessari skýrslu er birt samantekt og greining á helstu lögum og reglugerðum varðandi heilsuverndar- og öryggismál við vegagerð og hvaða kröfur til vegaf framkvæmda þær bera með sér.

Þessi greinargerð er seinni hluti greiningar sem verkfræðistofan Línuhönnun hóf vinnu við fyrir Vegagerðina í lok árs 2003. Fyrri hluti þess kom út í janúar 2004 og nefnist *Umhverfiskröfur í útboðsgögnum Vegagerðarinnar*. Í því verki voru lög og reglugerðir sem varða umhverfismál greind með hliðsjón af verkþáttum í vegagerð.

Við gerð útboðsgagna í dag er stuðst við ritin *Alútbod '95* og *Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa*. Í þessum ritum er ekki fjallað nema að litlu leyti um kröfur varðandi heilsuverndar- og öryggismál við veglagningu. Vísað er almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir en hvergi er til samantekt yfir þau ákvæði sem lagaramminn felur í sér. Vissulega er það á ábyrgð verktaka að þekkja þessar kröfur en einnig er mikilvægt fyrir verkkaupa að þekkja þær og geta þannig haft eftirlit með verkinu. Slíka yfirsýn hafa eftirlitsaðilar þó í fæstum tilfellum. Leiðbeiningar og gátlista myndi vera til mikils hæggðarauka og gera eftirlit skilvirkara.

Auk gagnsemin greiningar sem þessarar fyrir eftirlitsaðila og verktaka er hún jafnframt mikilvægur þáttur í uppbyggingu öryggisstjórnunar hjá Vegagerðinni, enda lagaramminn umfangsmikill. Með greiningunni er komið böndum yfir þennan viðamikla málaflokk, það vinsað úr sem ekki skiptir máli og sjónum beint að þeim ákvæðum sem skipta máli fyrir þessa ákveðnu starfsemi. Greiningin verður því einn af hornsteinum umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfis fyrirtækisins.

Gagnsemi þessarar samantektar er því margþætt. Samantektin mun fylgja eftir stefnu Vegagerðarinnar í öryggismálum. Hún mun einnig vera grunnur að þeim kröfum eða upplýsingum sem Vegagerðin mun setja fram í tengslum við gerð útboðslýsinga. Þannig mun samantektin nýtast við gerð útboðslýsinga fyrir Vegagerðina og sem grunnur að gátlista við eftirlit vegaf framkvæmda. Með því að skilgreina heilsu- og öryggiskröfur sem taka þarf tillit til við vegagerð, í hönnunar sem og framkvæmdafasa, fæst skilvirkari vinna á þessum sviðum.

2.2. MARKMIÐ

Markmið þessa verkefnis er að vinna samantekt um lagaákvæði í heilsu- og öryggismálum sem tengst gætu vegagerð. Til að ná þessu markmiði voru eftirfarandi undirmarkmið skilgreind.

- Að gera samantekt um gildandi lög og greinargerðir í heilsu- og öryggismálum.
- Að greina ákvæði þeirra m.t.t. helstu verk- og áhættuþátta í vegagerð.
- Að vinna samantekt á þessari greiningu sem nýst gæti við gerð útboðsgagna og eftirlit.

2.3. UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR

Skýrslunni er skipt í fjóra megin kafla:

Í kafla 2 er fjallað almennt um þau lög sem að varða öryggismál hjá Vegagerðinni. Skýrt er almennt frá markmiðum þessara laga og gildissviði. Í kaflanum er jafnframt gefið yfirlit umfang reglugerða sem byggja á þeim. Í kaflanum er m.a. birtur listi yfir lög, reglugerðir og reglur sem greindar voru í þessu verkefni.

Í kafla 3 er fjallað um þá verk- og áhættuþætti sem hafðir voru til hliðsjónar við greiningu á reglugerðunum og reglunum. Í kaflanum er birt tafla yfir þessa þætti og fjallað almennt um gagnsemi slíkrar greiningar fyrir verkefnið.

Í kafla 4 er kynnt útkoma greiningar á tengslum ákvæða í reglugerðum og reglum annars vegar og verkþátta í vegagerð hins vegar. Útkoman er sett fram í formi venslatöflu sem gefur yfirlit yfir það hvaða verkþættir og reglugerðir og reglur tengjast.

Í kafla 5 er fjallað um hverja reglugerð eða reglu fyrir sig eftir efnisflokkum fremur en dagsetningu gildistöku. Í kaflanum er greint frá markmiðum hvorrar reglugerðar eða reglu, helstu ákvæðum og tengslum þeirra við vegagerð.

3. YFIRLIT YFIR LÖG, REGLUR OG REGLUGERÐIR

3.1. ALMENNT

Í þessum kafla verður fjallað um þau lög sem á einhvern hátt tengjast öryggismálum og heilsuvernd hjá fyrirtækjum. Af þessum lögum eru ákvæði *laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum* umfangsmest, en auk þeirra tengjast ýmis önnur lög þessum málaflokki á beinan eða óbeinan hátt: *vopnalög* taka á meðferð sprengiefnis, *lög um eiturefni og hættuleg efni* fjalla um meðferð eða bann við notkun ákveðinna hættulegra efna og *lög um hollustuhætti og mengunarvarnir* fjalla m.a. um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum, flokkun og merkingu hættulegra efna. Auk þessara laga snerta *lög um tóbaksvarnir* heilsuvernd á vinnustöðum og *upplýsingalög* og *lög um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga* snertir skráningu, meðferð og aðgengi að gögnum vegna skráningar heilsufars á vinnustöðum.

Auk umfjöllunar um lög er í þessum kafla að finna lista yfir þær reglugerðir og reglur sem teknar voru inn í þessa greiningu. Á þessu stigi máls eru þær ekki sundurgreindar eftir málaflokkum heldur birtar í heild sinni eftir þeirri röð sem þær tóku gildi. Með því gefst mikilvægt heildaryfirlit yfir þær reglugerðir og reglur sem á einhvern hátt innihalda ákvæði sem fara þarf eftir við vegagerð.

3.2. LÖG SEM VARÐA ÖRYGGISMÁL OG HEILSUVERND Í VEGAGERÐ

3.2.1. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Meginhluti þeirra reglugerða og regla sem rýndar voru í þessu verkefni falla undir *lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum* nr. 46/1980, sem í almennu tali kallast vinnuverndarlögin. Markmið þeirra er að leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Markmið þeirra er einnig að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Lögin gilda um alla starfsemi þar sem einn eða fleiri starfsmenn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða ekki. Engin starfsemi á landi er undanþegin lögunum, en siglingamál og önnur verkefni sem falin eru Siglingastofnun og vinna við loftför falla ekki undir lögin, nema vinna við loftför á jörðu niðri. Alþjóðasambýktir sem heyra undir Siglingastofnun og flugmálastjórn falla heldur ekki undir lögin.

Ákvæði laganna eru víðtæk. Sem dæmi má nefna að núgildandi reglugerðir og reglur sem hafa stoð í þeim eru 55 talsins. Lögin fjalla um skyldur atvinnurekanda, verkstjóra, starfsmanna, verktaka og aðila sem selja, hanna, setja upp og gera við vélar, tæki og áhöld til að gæta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er fjallað um framkvæmd vinnu, ástand og aðbúnað á vinnustöðum, vélum, tækjabúnaði o.f.l. Einnig er fjallað um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.

Lögunum hefur verið breytt með lögum nr. 15/1986 (tóku gildi 12. maí 1986), lögum nr. 61/1990 (tóku gildi 31. maí 1990), lögum nr. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996), lögum nr. 52/1997 (tóku gildi 1. okt. 1997; EES-samningurinn: XVIII. viðauki tilskipun 89/391/EBE og 94/33/EB), lögum nr. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), lögum nr. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), lögum nr. 68/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003; EES-samningurinn: XVIII. viðauki tilskipun 89/391/EBE, 93/104/EB og 94/33/EB) og með lögum nr. 90/2004 (taka gildi 1. jan. 2005). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.2.2. Vopnalög nr. 16/1998

Vopnalögin gilda um öll tæki eða efni sem hægt er að beita til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega.

Þessi lög tengjast öryggismálum í vegagerð því auk skotvopna, skotfæra og annarra vopna gilda ákvæði laganna um sprengiefni og skotelda. Sprengiefni er í lögunum skilgreint sem vopn þ.e. fast eða fljótandi efni eða efnablandna sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, s.s. hvellhettur og kveikiþræðir.

Í vopnalögum er sér kafli um meðferð sprengiefnis þar sem fjallað er um kaup á sprengiefni, vörslu þess, meðferð og tilkynningaskyldu þeirra sem finna slík efni sem rekið hafa á land eða finnast á víðavangi.

Reglugerð um sprengiefni nr. 694/1999 byggir á þessum lögum.

Vopnalögum hefur verið breytt með lögum nr. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998) og lögum nr. 19/1999 (tóku gildi 24. mars 1999). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.2.3. Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988

Um er að ræða rammalöggjöf um öll hættuleg efni. Markmið þeirra er að eiturefni, hættuleg efni, sæfiefni og fegrunar- og snyrtiefni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum. Ákvæði laganna taka ekki til eiturefna og hættulegra efna ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 frá 28. maí 1980.

Ákvæði þessara laga snúa að framleiðslu, sölu og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Einnig er fjallað um umbúðir, s.s. gerð íláta og umbúða, og um merkingar þeirra, varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi flutning, varðveislu, útlát og sölu.

Hættuleg efni sem verktakar nota eru t.d. frostlögur, smurólía, ísvari og tjöruhreinsir. Listi yfir hættuleg efni og eiturefni er gefinn út í reglugerð nr. 236/1990 um flokkun merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, með síðari breytingum (síðari breytingar eru: 348/1990, 664/1997, 459/1998, 460/1998, 639/1998, 77/1999, 150/1999, 548/1999, 754/1999, 613/2000, 921/2000, 380/2001, 197/2002, 579/2002 og 442/2004).

Aðrar reglugerðir sem byggja á þessum lögum og teknar voru inn í þessa greiningu eru:

- Reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna (síðari breytingar eru: 623/2000, 483/2002 og 426/2004).
- Reglugerð nr. 870/2000 um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests.
- Reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna o.f.l. (síðari breytingar eru: 610/1987)

Lögin tóku gildi 1. júlí 1988. Þeim hefur síðan þá verið breytt með lögum nr. 103/1988 (tóku gildi 30. des. 1988), lögum nr. 1/1992 (tóku gildi 27. jan. 1992 nema 13.–17. og 24. gr. sem tóku gildi 1. febr. 1992), lögum nr. 51/1993 (tóku gildi 27. maí 1993), lögum nr. 93/1995 (tóku gildi 30. júní 1995), lögum nr. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), lögum nr. 44/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999), lögum nr. 42/2001 (tóku gildi 13. júní 2001; *EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 76/768/EBE*), lögum nr. 68/2002 (tóku gildi 17. maí 2002; *EES-samningurinn: XX. viðauki reglugerð 2037/2000*), lögum nr. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003) og lögum nr. 96/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004; *EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 98/8/EB*). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.2.4. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

Um er að ræða rammalöggjöf um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda sem geta valdið mengun umhverfis. Í lögunum kemur fram að allir verktakar þurfa að hafa starfsleyfi, og að heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir verktaka. Einnig þurfa verktakar að hafa samráð við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndir. Mengunarslys skal tilkynna heilbrigðisfulltrúa.

Lög tengjast öryggismálum þar sem í þeim eru ákvæði um áhættumat fyrir atvinnurekstur þar sem hættu er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum.

Reglugerðir sem byggja á þessum lögum og tengjast öryggismálum eru:

- Reglugerð nr. 602/1999 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.
- Reglugerð nr 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efna. (Síðari breytingar eru 348/1990, 664/1997, 459/1998, 460/1998, 639/1998, 77/1999, 150/1999, 548/1999, 754/1999, 613/2000, 921/2000, 380/2001, 197/2002, 579/2002 og 442/2004.
- Reglugerð nr 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna. (Síðari breytingar eru 623/2000 og 483/2002 með tilteknum hættulegum efnum).
- Reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna o.f.l. (síðari breytingar eru: 610/1987)

Lögin tóku gildi 24. mars 1998. Þeim hefur verið breytt með lögum nr. 59/1999 (tóku gildi 30. mars 1999), lögum nr. 87/2001 (tóku gildi 15. júní 2001), lögum nr. 90/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), lögum nr. 98/2002 (tóku gildi 31. maí 2002) og lögum nr. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.2.5. Lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002

Markmið laganna er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Í lögunum segir að „virða skuli rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaks reyk af völdum annarra.“

Í lögunum er fjallað um hlutverk og starf tóbaksvarnarnefndar, sölu og auglýsingar á tóbaki, takmörkun á tóbaksreykingum, og fræðslustarfsemi í sambandi við skaðsemi tóbaks.

Reglugerð nr. 88/1999 um tóbaksvarnir á vinnustöðum byggir á þessum lögum.

Lög um tóbaksvarnir voru upphaflega sett með lögum nr. 74/1984 sem tóku gildi 1. janúar 1985. Þeim var svo breytt með lögum nr. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996), lögum nr. 101/1996 (tóku gildi skv. fyrirmælum í 10. gr.), lögum nr. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998) og lögum nr. 95/2001 (tóku gildi 1. ágúst 2001). Lögin voru svo endurútgefin, sbr. 17. gr. lögum nr. 95/2001, sem lögum nr. 6/2002. Breytt með lögum nr. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), lögum nr. 18/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003) og lögum nr. 24/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003, komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.; *EES-samningurinn*: II. viðauki tilskipun 2001/37/EB). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.2.6. Upplýsingalög nr. 50/1996

Almenningur hefur rétt til þess að fá aðgang að gögnum sem varða tiltekin mál. Um getur verið að ræða upplýsingar sem varða ákveðna framkvæmd. Líklegt er þá að almenningur leiti beint til Vegagerðarinnar sem gæti síðan þurft að leita frekari upplýsinga hjá verktökum. Bréfaskipti á milli Vegagerðarinnar og verktaka gætu líka skoðast sem opinber gögn ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Lögin tóku gildi 1. janúar 1997. Þeim hefur verið breytt með lögum nr. 76/1997 (tóku gildi 1. júlí 1997) og lögum nr. 83/2000 (tóku gildi 2. júní 2000 nema 1. gr. sem tók gildi 1. jan. 2001). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.2.7. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Í lögnum er m.a. fjallað um almennar reglur um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga, upplýsingarétt og upplýsingaskyldu, fræðslu- og viðvörðunarskyld, leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi persónuupplýsinga og flutning persónuupplýsinga úr landi.

Lög þessi eiga við um meðferð persónuupplýsinga, s.s. skráningu heilsufars starfsmanna.

Lögin tóku gildi þann 1. janúar 2001. EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 95/46/EB, XIX. viðauki tilskipun 97/7/EB og XI. viðauki tilskipun 97/66/EB. Breytt með lögum nr. 90/2001 (tóku gildi 15. júní 2001; EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 95/46/EB), lögum nr. 30/2002 (tóku gildi 16. apríl 2002), lögum nr. 81/2002 (tóku gildi 17. maí 2002; EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 95/46/EB), lögum nr. 46/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003) og lögum nr. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003). Tekið er mið af þessum breytingum við greininguna.

3.3. REGLUGERÐIR OG REGLUR SEM VARÐA ÖRYGGISMÁL OG HEILSUVERND Í VEGAGERÐ.

Eins og fram kom í kafla 2.2., þar sem fjallað var um þau lög sem varða öryggismál hjá Vegagerðinni þá heyrir talsverður fjöldi reglugerða og regla undir *vinnuverndarlögin*, eða 55 reglugerðir. Þær eru því meginuppistaðan í þessari greiningu, þar sem samtals u.þ.b. 90 reglugerðir og reglur voru skoðaðar. Við vinsunina voru teknar út þær reglugerðir og reglur sem greinilega áttu ekki við vegagerð, s.s. reglur um toglyftur fyrir skíðafólk eða reglur um garðaúðun. Þær sem eftir stóðu voru skoðaðar nánar. Í töflu 2.3.1 má sjá þær reglugerðir og reglur sem tengjast einhverjum verkþætti vegagerðar. Nánar er fjallað um þessar reglugerðir og reglur í köflum 4 og 5 auk þess sem nákvæm skoðun á greinum einstaka reglugerða eða regla m.t.t. verk- og áhættuþátta er birt í viðauka þessarar skýrslu. Í töflu 2.3.1 eru reglugerðirnar birtar í tímaröð og ekki er greint á milli reglugerðanna eða regla m.v. stoð þeirra í mismunandi lög. Í kafla 5 eru þær hins vegar flokkaðar upp eftir málaflokkum.

Tafla 3.3.1 Reglugerðir og reglur sem tengjast verkþáttum í vegagerð

Númer	Heiti reglugerðar/reglu
553/2004	Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.
349/2004	Reglugerð um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum
1000/2004	Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum
279/2003	Reglur um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss
098/2002	Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum.
765/2001	Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum
607/2001	Reglugerð um öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum
984/2000	Reglugerð um flutning á hættulegum farmi, ásamt síðari breytingum nr. 750/2003, 684/2002, 773/2001
931/2000	Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti
857/1999	Reglur um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, ásamt síðari breytingum
684/1999	Reglugerð um sprengiefni
602/1999	Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum
609/1999	Reglur um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar ásamt síðari breytingum
154/1999	Reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, ásamt síðari breytingum nr. 917/2001
426/1999	Reglugerð um vinnu barna og unglinga
088/1999	Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum
441/1998	Byggingarreglugerð
263/1998	Reglugerð um hættumat í iðnaðarstarfsemi
433/1997	Reglugerð um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi
431/1997	Reglugerð um notkun tækja
553/1996	Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum
552/1996	Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám, ásamt síðari breytingum nr. 349/2003
547/1996	Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð ásamt síðari breytingum nr. 504/1999
379/1996	Reglur um asbest
429/1995	Reglur um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu
707/1995	Reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum
581/1995	Reglur um húsnæði vinnustaða
499/1994	Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar
497/1994	Reglur um notkun persónuhlífa
500/1994	Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna
200/1994	Reglur um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði
236/1990	Reglugerð um flokkun merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Fylgiskjal með

Númer	Heiti reglugerðar/reglu
	reglugerðinni er listi yfir eiturefni og hættuleg efni.
388/1989	Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla
332/1989	Reglur um hengiverkpalla
331/1989	Reglur um röraverkpalla
492/1987	Reglur um öryggisbúnað véla
491/1987	Reglur um varnir gegn loftmengun við málmstuðu
476/1985	Reglur um naglabyssur
475/1985	Reglur um heftibyssur
198/1983	Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, ásamt síðari breytingum nr. 24/1999, 816/2000 og 883/2002.
077/1982	Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfssemi innan fyrirtækja
204/1972	Reglugerð um öryggisráðstafanir í byggingarvinnu. Þessi reglugerð er fallin úr gildi að frátöldum III. kafla gr. 22-30 sem fjallar um verkpalla úr timbri.
145/1953	Reglugerð um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum

Í töflu 2.3.2. eru birtar reglugerðir og reglur sem ekki tengjast verkþáttum í vegagerð, þó heiti þeirra gæfi tilefni til að þær væru skoðaðar nánar. Þessar reglugerðir fjalla flestar um þær kröfur sem gerðar eru til hönnunar tækja annars búnaðar og fjalla um gerðarviðurkenningu, samræmisvottun, CE merkingar o.þ.h. Í þessum reglugerðum eru ekki sett skilyrði fyrir atvinnurekendur eða notendur tækja og búnaðar sem lútið gætu að vegagerð eða skyldum rekstri heldur fyrir innflytjendur og aðila sem eru ábyrgir fyrir markaðssetningu.

Auk ofangreinds flokks reglugerða er í töflu 2.3.2 að finna reglur þar sem annað hvort var fjallað um efni sem ekki eru notuð í vegagerð, s.s. líffræðilegir skaðvalda (sbr. reglugerð 764/2001, eða um að ræða staði sem ekki tengjast vegagerð s.s. áfyllingarstöðvar fyrir gashylki eða staðir þar sem fram fer sprautumálun.

Tafla 3.3.2 Reglur sem ekki tengjast verkþáttum í vegagerð

Númer	Heiti reglu
761/2001	Reglur um vélar og tæknilegan búnað.
764/2001	Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.
696/2001	Reglur um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum.
762/2001	Reglur um færanlegan þrýstibúnað.
571/2000	Reglur um þrýstibúnað.
140/1998	Reglur um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki.
118/1998	Reglur um takmörkun hávaða frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum.
098/1996	Reglur um úðabrusa.
108/1996	Reglur um tæki sem brenna gasi.
380/1996	Reglur um saumlaus gashylki úr stáli.
383/1996	Reglur um saumlaus gashylki úr hreinu áli og álblöndu.
382/1996	Reglur um samsoðin gashylki úr hreinu stáli.
503/1994	Reglur um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði).
501/1994	Reglur um gerð persónuhlífa.
496/1994	Reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
331/1994	Reglur um hjóðaflsstig rafsuðuvéla.

Númer	Heiti reglu
137/1987	Reglur um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.
202/1952	Reglur um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun.

4. VERK- OG ÁHÆTTUÞÆTTIR Í VEGAGERÐ

Til að fá skýra mynd af því hvernig vegagerð tengist mismunandi ákvæðum í lögum og reglum sem varða öryggismál og heilsuvernd var gerð frumgreining á þeirri starfsemi sem felst í vegagerð. Vegagerð var skipt í verkþætti, annars vegar í starfsemi sem lýtur beint að vegagerð, s.s. vinnuvélar, jarðvinnu, jarðgangnagerð, byggingu stál- og steypuvirka (t.d. brúargerð), malbikun og hins vegar stoðsvið, þ.e. starfsemi sem tengist vegagerð á óbeinan hátt, s.s. rekstur vinnubúða og verkstæða, samgöngur og flutningar. Þessir verkþættir eru sýndir í töflu 2.3.1. undir dálkinum *verkþáttur*.

Undir þessum yfirflokkum var greint nánar hvaða störf eða aðbúnaður væru áhættuvaldar og hvaða afleiðingar þeir gætu haft í för með sér. Þessi áhættu- eða áhrifaþættir eru sundurliðaðir í töflu 2.3.1 undir dálkinum *áhrifaþáttur*.

Þar sem við á, er í töflunni skýrt nánar frá því hvað felst í hverjum flokki undir dálkinum *athugasemdir*.

Við greiningu á reglugerðum var tafla 2.3.1 höfð til hliðsjónar. Í kafla 4 er birt tafla sem gefur yfirlit yfir það hvernig þær reglugerðir sem greindar voru tengjast mismunandi *verkþáttum* með vísan í 2.3.1. Í viðauka er þessi greining hins vegar ítarlegri, þar má sjá tengsl hvers *áhrifaþáttar* (sbr. töflu 2.3.1) við einstaka greinar hverrar reglugerðar.

Tafla 3.3.2.1 Verkþættir sem tekið er tillit til við greininguna og áhrifaþættir hvers verkþáttar

Verkþáttur	Áhrifaþáttur	Athugasemdir
Verkstæði (véla-, járnsmíða- og trésmíðaverkstæði)	<ul style="list-style-type: none"> • Hættuleg efni (skv. 236/1990) (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu) • Rafsuða og suða (loftmengun, augnskaði), • Handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys og augnslys, hávaði) • Trésmíðavélar; hefill, vélsög, fræsari, bútsög, o.fl. (útlimaslys, augnslys, hávaði) • Fallhætta úr hillum og öðru (slyshætta) • Neyðarrofar bilaðir (útlimaslys) • Bílalyftur, lyftur (slyshætta, klemmuslys) • Lyftarar (fallhætta, klemmuslys) • Tröppur og stigar (fallhætta, slyshætta) • Vinnupallar inn í verkstæði • Rafmagnstæki (bilað, notað í bleytu og gefur straum). • Tæki með snúningsási sem vantar hlífar fyrir (flagsandi föt - slys á fólki) • Hlaupakettir (slyshætta, fallslys, árekstrarslys) • Hífingarbúnaður og kranar, stroffur og vírar (fallslys, vírar stroffur slitna) 	Pípulagninga- verkstæði, málningarverk- stæði eða raf- magnsverkstæði eru ekki nefnd sérstaklega

Verkpáttur	Áhrifapáttur	Athugasemdir
Verkstæði (véla-, járnsmíða- og trésmíða-verkstæði frh.	<ul style="list-style-type: none"> Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) Gashylki (sprengihætta við eldsvoða) Rangar vinnustellingar (álagsmeiðsl) Persónuhlífar (slyshætta ýmis konar og ofnæmi og neikvæð áhrif á heilsu) Vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta) 	Pípulagninga-verkstæði, málningarverkstæði eða rafmagnsverkstæði eru ekki nefnd sérstaklega
Vinnubúðir í rekstri	<ul style="list-style-type: none"> Aðbúnaður og hollustuhættir (snyrtiaðstaða og mötuneyti) Loftræsting (neikvæð áhrif á heilsu) Eldvarnir (slyshætta) Frágangur rafmagns (bruni og slyshætta) Flóttaleiðir (slys á fólki) Veðurfar, hvassviðri (áfok, slyshætta) 	Í flokknum felst: <ul style="list-style-type: none"> Skrifstofu-húsnæði Svefnskálar Mötuneyti Vinnuskúrar Öryggisaðstaða Öryggisbúnaður Veitutengingar (rafmagn, vatn skólp, sími)
Efnisvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> Sprengingar (slyshætta) Sprengiefnageymslur Hávaði v. Sprenginga (heyrnarskaði) Umferð (sjá líka jarðvinna) Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) Hrun steinefna (slyshætta) Loftmengun (heilsuspillandi) Fallhætta manna og véla (slyshætta) 	Í flokknum felst: <ul style="list-style-type: none"> Efnisnám Hörpun Flokkun Mölnun Þvottur
Vinnuvélar	<ul style="list-style-type: none"> Umferð - veðurfar - háлка ísing (slyshætta) Umferð - veðurfar - sand- og moldrok (slyshætta) Umferð óviðkomandi fólks - ferðamanna - annarra Hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) Útblástur, loftmengun, svifryk, NOx, PAH, CO (neikvæð áhrif á heilsu) Hættuleg efni (skv. 236/1990) (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, Krabbameinsvaldandi, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu) Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) Vinnutími (álageinkenni, slyshætta) Rafhleðsla fyrir lyftara (rafmagnsslys, brunahætta) Árekstur/veltihætta (slyshætta) Drifbúnaður, tæki með snúningsási sem vantar hlífar fyrir (slyshætta) 	Í flokknum felst: <ul style="list-style-type: none"> Vinna við vinnuvélar Öryggisbúnaður Viðhald og viðgerðir

Verkpáttur	Áhrifapáttur	Athugasemdir
Vinnusvæði	<ul style="list-style-type: none"> • Samgöngur innan vinnusvæða (umferðaslys) • Merkingar (ákeyrsla - slyshætta, fallhætta) • Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) • Geymsla fyrir hættuleg efni • Aðgengi - afgirðing og lokun (slyshætta óviðkomandi) • Veðurfar, hvassviðri (áfok, slyshætta) 	
Stál- og steypuvirki	<ul style="list-style-type: none"> • Steypuvinna - steypa getur slest í augu eða húð (augnskaði, neikvæð áhrif á heilsu) • Steypuvinna - nálægð við krana (slyshætta) • Suðuvinna, raf- og logsuða (augnskaði, loftmengun) • Vinnupallar, stigar (fallhætta, hlutir falla á fólk eða fólk fellur úr hæð) • Vinnutími (Álagsáhætta) • Vinnustellingar (álagsáhætta) • Rafmagn - (rangur frágangur- brunahætta) • Hættuleg efni (skv. 236/1990) (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, • Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) • Krabbameinsvaldandi, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu) • Vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta) • Veðurfar, hvassviðri (fallhætta, áfok, slyshætta) 	Innan þessa flokks telst m.a.: Byggingarvinna við uppplátt fyrir steypuvirki, Suðuvinna, málningarvinna, Uppsetning verkpalla Brúarvinna o.f.l.
Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar	<ul style="list-style-type: none"> • Öryggi í umferð (umferðaslys, slyshætta) • Uppgufun lífrænna rokgjarna efna (VOC) - loftmengun (krabbameinsvaldandi efni) • Útblástur farartækja - loftmengun; svifryk, NOx og CO (heilsuskaði) • Hættuleg efni: Terpentína, bikpeyta, sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði) • Færanlegar malbikunarstöðvar notkun íblöndunarefna, • Hættuleg efni skv. 236/1990 (neikv. heilsuáhrif) 	
Jarðgangnagerð	<ul style="list-style-type: none"> • Umferð í göngunum (umferðaslys) • Hávaði (heyrnarskaði) • Útblástur farartækja og vinnuvéla (Loftmengun, svifryk, NOx, CO, PAH) • Sprengingar (loftmengun, hávaði) • Olíuleki (brunahætta, sprengihætta, loftmengun v/VOC) • Vinnutími (Álagsáhætta) • Vatnsleki (drukkun) • Aðbúnaður og hreinlætisaðstaða (óþrifnaður, sjúkdómar) 	

Verkpáttur	Áhrifapáttur	Athugasemdir
Jarðgangnagerð frh.	<ul style="list-style-type: none"> • Neyðarviðvörðunarkerfi bílar (slyshætta) • Vélavinna við bor (slyshætta) • Hættuleg efni (skv. 236/1990) (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, • Krabbameinsvaldandi, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu) • Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) • Lýsing ónóg (umferðaslys, slyshætta almennt) • Rafmagn (vitlaus frágangur - raflost) • Vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta) • Vinnupallar, lyftubúnaður (fallhætta, slyshætta) 	
Jarðvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Ámokstur, bakka á gröfu, bakka útaf, stöðugleiki gröfu, losun á tippa (slyshætta) • Akstur á vinnuvegum - sjá sér verkpáttur • Almennt öryggi vélamanna • Jöfnun og þjöppun - umferðaslys - bílstjóri valtara horfir mikið aftur úr vélinni • Lagnir og veitur (skemmdir á virkum rafstrengjum, raflost) • Lagnir og veitur (skemmdir á virkum hitaveitulögnum - brunaslys) • Grófhreinsun klappar; Nálægð manna og vinnuvéla (slyshætta) • Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) • Fínhreinsun klappar; Notkun á háprýstiloftsdælum (slyshætta, heyrnaskaði, rykmengun) • Fínhreinsun klappar; Notkun á þrýstivatnsdælum (slyshætta, heyrnaskaði, rykmengun) 	
Samgöngur utan vinnusvæða	<ul style="list-style-type: none"> • Veðurfar - hálka ísing (slyshætta) • Veðurfar - sand- og moldrok (slyshætta) • Flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu) 	
Samgöngur innan vinnusvæða	<ul style="list-style-type: none"> • Veðurfar - hálka ísing (slyshætta) • Veðurfar - sand- og moldrok (slyshætta) • Umferð óviðkomandi fólks - ferðamanna (slyshætta) 	
Öll störf	<ul style="list-style-type: none"> • Persónuhlífar (slyshætta ýmis konar og ofnæmi og neikvæð áhrif á heilsu) • Öryggisáætlanir m.t.t fjölda starfsmanna og/eða verktaka (verkáætlanir, leiðbeiningar, samræming, heilbrigðisáætlanir) • Vinna barna og unglunga • Einelti á vinnustöðum • Þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn og komur með barn á brjósti 	

5. TENGL REGLUGERÐA OG REGLA VIÐ VERK- OG ÁHÆTTUÞÆTTI Í VEGAGERÐ

Í töflu 4.1 má sjá yfirlit yfir það hvernig ákvæði þeirra reglugerða og regla sem rýndar voru í verkefninu eiga við mismunandi verkþætti.

Tafla 5.1 Tengsl verkþátta og reglugerða um öryggismál og heilsuvernd

Nr.	Reglugerð / reglur	Verkstæði	Vinnubúðir	Efnisvinnsla	Vinnuvélar	Vinnusvæði	Stál- og steypuvirki	Malbikun	Jarðgangnagerð	Jarðvinna	Samgöngur utan vinnusvæða	Samgöngur innan vinnusvæða
1000/2004	Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
553/2004	Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.	X			X	X	X	X	X			
349/2004	Reglugerð um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum	X			X	X	X		X			
279/2003	Reglur um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss				X							
098/2002	Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum.	X			X	X	X	X	X			
765/2001	Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum	X			X	X	X	X	X			
607/2001	Reglugerð um öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum										X	
984/2000	Reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Breytingarreglugerð nr. 750/2003, 684/2002, 773/2001										X	
931/2000	Reglug. um ráðst. til þess að auka öryggi og heilbr. á vinnust. fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti (leiðb. fylgja)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
870/2000	Reglugerð um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests	X			X	X				X	X	

Nr.	Reglugerð / reglur	Verkstæði	Vinnubúðir	Efnisvinnsla	Vinnuvélar	Vinnusvæði	Stál- og steypuvirki	Malbikun	Jarðgangnagerð	Jarðvinna	Samgöngur utan vinnusvæða	Samgöngur innan vinnusvæða
857/1999	Reglur um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, ásamt síðari breytingum	X					X					
684/1999	Reglugerð um sprengiefni		X	X		X			X	X	X	X
609/1999	Reglur um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar ásamt síðari breytingum	X			X							
602/1999	Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum (leiðbeiningar fylgja)	X			X		X	X	X			
426/1999	Reglugerð um vinnu barna og unglunga	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
154/1999	Reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum (leiðbeiningar fylgja). ásamt síðari breytingum nr. 917/2001	X		X	X		X	X	X			
088/1999	Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum	X	X		X		X	X	X			
441/1998	Byggingarreglugerð	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
263/1998	Reglugerð um hættumat í iðnaðarstarfsemi					X			X	X		
433/1997	Reglugerð um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
431/1997	Reglugerð um notkun tækja	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
552/1996	Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám Breytingarreglur nr. 349/2003		X	X								
533/1996	Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum		X	X								

Nr.	Reglugerð / reglur	Verkstæði	Vinnubúðir	Efnisvinnsla	Vinnuvélar	Vinnusvæði	Stál- og steypuvirki	Malbikun	Jarðgangnagerð	Jarðvinna	Samgöngur utan vinnusvæða	Samgöngur innan vinnusvæða
547/1996	Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðst. á byggingarvinnust. og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999					X	X		X			
379/1996	Reglur um asbest	X			X	X				X		
707/1995	Reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum	X				X						
581/1995	Reglur um húsnæði vinnustaða	X	X			X						
429/1995	Reglur um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými (leiðbeiningar fylgja)	X				X	X		X			
500/1994	Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna	X		X	X		X	X	X	X		
499/1994	Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar	X			X	X	X					
497/1994	Reglur um notkun persónuhlífa	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
200/1994	Reglur um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði	X	X									
236/1990	Reglugerð um flokkun merkingu og meðferð eiturefna, hættul. efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Fylgiskjal með reglugerð er listi yfir eiturefni og hættuleg efni.	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
612/1989	Reglur um tilkynningu vinnuslysa	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
388/1989	Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla				X							
332/1989	Reglur um hengiverkpalla	X					X		X			

Nr.	Reglugerð / reglur	Verkstæði	Vinnubúðir	Efnisvinnsla	Vinnuvélar	Vinnusvæði	Stál- og steypuvirki	Malbikun	Jarðgangnagerð	Jarðvinna	Samgöngur utan vinnusvæða	Samgöngur innan vinnusvæða
331/1989	Reglur um röraverkþalla (leiðbeiningar fylgja)	X					X		X			
492/1987	Reglur um öryggisbúnað véla	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
491/1987	Reglur um varnir gegn loftmengun við málmsuðu	X					X					
137/1987	Reglur um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, ásamt síðari breytingum		X									
476/1985	Reglur um naglabyssur	X					X					
475/1985	Reglur um heftibyssur	X					X					
198/1983	Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Þessum reglum hefur verið breytt með reglum nr. 24/1999, 816/2000 og 883/2002.				X							
084/1982	Reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir		X									
077/1982	Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfssemi innan fyrirtækja	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
204/1972	Reglugerð um öryggisráðstafanir í byggingarvinnu. Þessi reglugerð er fallin úr gildi að frátöldum III. kafla gr. 22-30 sem fjallar um verkþalla úr timbri.	X					X		X			
145/1953	Reglugerð um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum	X										

6. ALMENN UMFJÖLLUN UM REGLUGERÐIR OG REGLUR EFTIR EFNISFLOKKUM

6.1. ALMENNT

Í þessum kafla er fjallað um þær reglugerðir og reglur sem innihalda ákvæði sem taka þarf tillit til við vegagerð. Til hægðarauka hafa reglugerðirnar verið flokkaðar eftir efnisflokkum m.t.t. efnis- eða áhersluatriða reglugerðarinnar. Fjallað er almennt um markmið hversrar reglugerðar, aðalatriðin í ákvæðum hennar og hvernig hún tengist vegagerð.

6.2. ALMENN VINNUVERND

6.2.1. Reglugerð um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi nr. 433/1997

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að starfsmenn í afleysingar og tímabundnu starfi njóti sömu verndar og aðrir starfsmenn innan fyrirtækja og/eða stofnana.

Reglugerðin fjallar um starfsfólk þar sem starfsmaður gegnir afleysingarstarfi skv. ráðningarskilmálum sem eru bundnir í beinan samning á milli atvinnurekanda og starfsmanns. Einnig er skilyrði að samningslok séu ákveðin með hlutlægum skilyrðum, svo sem að miðað sé við tiltekinn uppsagnardag, ef um er að ræða tiltekið verkefni eða sérstakan viðburð. Reglugerðin gildir einnig um tímabundið starf sem byggist á ráðningarskilmálum um tímabundið starf milli vinnumiðlunar, sem vinnuveitanda, og starfsmanns sem er ráðinn til starfa fyrir og undir stjórn fyrirtækis og/eða stofnunar sem nýtir sér þjónustu hans.

Í reglugerðinni eru sett ákvæði um upplýsingagjöf til starfsmanna, bann við því að setja starfsmenn í verk sem geta stofnað öryggi og heilsu þeirra í hættu og skyldu vinnuveitanda til að upplýsa þá um ráðningu starfsmannsins sem sjá um verndun og varnir gegn áhættu innan fyrirtækisins. Reglugerðin á við um alla verkþætti við vegagerð.

6.3. EFNI OG EFNANOTKUN

6.3.1. Reglugerð 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

Reglugerðin gildir um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnum. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni eða verða fyrir mengun frá þeim.

Í reglugerðinni er fjallað um að þegar líkur séu á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnis sem getur valdið heilsutjóni skuli atvinnurekandi framkvæma áhættumat, halda skrá yfir forvarnir og endurskoða áhættumatið reglulega. Í reglugerðinni kemur einnig fram að atvinnurekandi skuli gera ráðstafanir vegna mengunar, s.s. að forðast, eða draga úr mengun svo sem kostur er, framkvæma mengunarmælingar, afmarka hættuleg vinnusvæði og lágmarka þann tíma sem starfsmenn þurfa að vinna með slík efni.

Varðandi slys eða óhöpp er í reglugerðinni fjallað um upplýsingaskyldu atvinnurekanda gagnvart Vinnueftirlitinu og starfsmönnum og upplýsingaskyldu starfsmanna gagnvart verkstjóra, öryggisverði eða trúnaðarmanni.

Í reglugerðinni er einnig fjallað er um ráðstafanir vegna mengunarhættu, s.s. gerð umgengnisleiðbeininga um umrædd efni og starfshætti komi til mengunar. Í leiðbeiningunum skal koma fram áætlun um starfshætti varðandi slys eða óhöpp í tengslum við varasöm efni, fjalla um öryggisæfingar og aðstöðu til að veita skyndihjálp. Einnig eru í fjallað um hreinlætiskröfur í meðferð þessara efna og þjálfun starfsmanna.

Í reglugerðinni er einnig fjallað um heilsuvernd starfsmanna. Halda skal skrá yfir þá starfsmenn sem vinna með umrædd efni og skal atvinnurekandi sjá til þess að þessir starfsmenn njóti heilsuverndar og heilsufarsskoðana. Í reglugerðinni er því fjallað um læknisskoðanir í kjölfar veikinda, skráningu og geymslu heilsufarsgagna og aðgengi starfsmanna að þessum gögnum.

Við vegavinnu getur skapast áhætta af meðferð slíkra efna innan verkstæða, við malbikun og við vinnuvélar. Einnig geta slík efni verið í notkun innan vinnusvæða og við vinnu við stál- og steypuvirki eða jarðgangnagerð.

6.3.2. Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum nr. 98/2002.

Reglur þessar gilda um hverskonar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum um einstök efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu. Markmið reglnanna er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu eða verða fyrir mengun frá þeim.

Þessi reglugerð er uppbyggð á sama máta og reglugerð 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Ákvæði hennar eru þau sömu, en gildissvið hennar er sértækt, þ.e. fjallar einungis um starfsemi sem gæti haft í för með sér áhættu vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

Við vegavinnu getur skapast áhætta af meðferð slíkra efna innan verkstæða, við malbikun og við vinnuvélar. Einnig geta slík efni verið í notkun innan vinnusvæða, við vinnu við stál- og steypuvirki og í jarðgangnagerð.

6.3.3. Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum nr. 765/2001

Reglur þessar gilda um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum um einstaka efnafræðilega skaðvalda. Markmið reglnanna er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efnafræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun frá þeim. Með efnafræðilegum skaðvöldum er átt við frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og framleidd, eða blanda tveggja eða fleiri frumefna og samband þeirra í föstu, fljótandi eða loftkenndu efni, þar á meðal úrgangur úr hvers konar vinnslu,

Þessi reglugerð er uppbyggð á sama máta og rg. 553/2004 og rg. 98/2002 sem fjallað var um hér að framan. Ákvæði hennar eru þau sömu, en gildissvið hennar er sértækt, þ.e. fjallar einungis um starfsemi sem gæti haft í för með sér áhættu vegna efnafræðilegra skaðvalda.

Við vegavinnu getur skapast áhætta af meðferð slíkra efna innan verkstæða, við malbikun og við vinnuvélar. Einnig geta slík efni verið í notkun innan vinnusvæða, við vinnu við stál- og steypuvirki og í jarðgangnagerð.

6.3.4. Reglugerð um öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum nr. 607/2001

Ákvæði um öryggisráðgjafa gilda um fyrirtæki er annast flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi á vegum, og utan vega, eftir því sem við á. Ákvæðin gilda þó ekki ef flutningurinn er einungis innan afmarkaðs athafnasvæðis fyrirtækis eða stofnunar eða byggingarsvæðis þar sem almenningur hefur takmarkaðan aðgang.

Fyrirtæki skal tilnefna einn eða fleiri öryggisráðgjafa og ber ábyrgð á að öryggisráðgjafinn fullnægi þeim skyldum sem þessi reglugerð ber með sér. Ef tilnefndir eru fleiri en einn öryggisráðgjafi innan fyrirtækis skal einn þeirra tilnefndur sem samræmingarráðgjafi. Öryggisráðgjafi skal vera handhafi gildisvottorðs um starfsmenntun sem gefið er út af Vinnueftirlitinu eftir að ráðgjafinn hefur lokið námskeiði hjá Vinnueftirlitinu.

Öryggisráðgjafi skal leita viðeigandi leiða og grípa til viðeigandi aðgerða til að auðvelda framkvæmd starfseminnar í samræmi við gildandi reglur á eins öruggan hátt og kostur er.

Verði slys eða óhapp við flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi sem veldur tjóni á fólki, eignum eða umhverfi skal öryggisráðgjafinn taka saman skýrslu um atvikið eftir að hafa aflað viðeigandi gagna og leggja fyrir stjórnendur fyrirtækisins. Skýrsla þessi kemur ekki í stað skýrslugerðar sem kann að vera krafist samkvæmt öðrum reglum eða lögum.

6.3.5. Reglugerð um flutning á hættulegum farmi nr. 984/2000

Ákvæði um hættulegan farm gilda um flutning á hættulegum farmi á vegum og utan vega hér á landi. Þau gilda þó ekki um flutning innan afmarkaðs athafnasvæðis fyrirtækis eða stofnunar eða byggingarsvæðis þar sem almenningur hefur takmarkaðan aðgang. Hins vegar gilda þau fyrir flutninga að framkvæmdasvæðum. Hættulegum farmi er skipt í flokka, í samræmi við tilmæli Sameinuðu þjóðanna nr. ST/SG/AC.10/1. Þeir eru:

1. Sprengifim efni
2. Lofttegundir
3. Eldfimir vökvar
4. Eldfim föst efni
5. Efni með hættu á sjálftröndun
6. Efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn.
7. Eldnærandi efni.
8. Lífræn peroxíð.
9. Eitruð efni.
10. Smitefni.
11. Geislavirk efni.

12. Ætandi efni.
13. Önnur hættuleg efni.

Þessi efni er bannað að flytja eða það aðeins leyft að uppfylltum skilyrðum á viðaukum A og B í ADR-reglunum.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi við flutninga á hættulegum efnum. Reglugerðin kveður m.a. á um umbúðir hættulegra efna við flutning og merkingu þeirra, flutningsskjöl með hættulegum varningi og merkingu ökutækja. Einnig er í reglugerðinni fjallað um starfsþjálfun bílstjóra sem flytja hættulegan varning (ADR-skírteini). Fyrir flutning sprengiefna þarf ADR-skírteini og sömuleiðis fyrir flutning á eldsneyti. Leyfilegt er að flytja í stykkjatali minna magn en kemur fram í viðauka IX í reglugerðinni. Leyfilegt er að flytja í stykkjatali allt að 300 L af bensíni og 1000 L af díselolíu. Ef flutt er meira magn en það í einu þarf að fylgja ADR-reglum og ökumaður þarf að hafa ADR-skírteini. Við vegagerð eiga þessar reglur við um flutning sprengiefnis og eldsneytis.

6.3.6. Reglugerð um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests nr. 870/2000

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun asbests og koma í veg fyrir heilsutjón og mengun af völdum þess. Reglugerðin tekur til innflutnings, framleiðslu, sölu, notkunar og annarrar meðhöndlunar, þar með talið förgunar á asbesti og vörum úr asbesti.

Í reglugerðinni kemur fram að framleiðsla, sala og notkun asbests er bönnuð, þ.m.t. tæki, vélar eða annar búnaður sem í eru hlutar úr asbesti. Þó er heimilt að veita undanþágu fyrir asbest-sementsrör og vörur til annarra tæknilegra nota þar sem ekki er unnt að nota hættuminni efni.

Í reglugerðinni er kveðið á um hvaða leyfi og skilyrði þurfi að vera til staðar áður en ráðist er í niðurrif, förgun og flutning á asbesti. Leita þarf leyfi Vinnueftirlitsins ef ráðast skal í niðurrif þar sem asbest er til staðar og þarf viðkomandi heilbrigðiseftirlit að viðurkenna lofthreinsibúnað sem nota skal í slíkum tilfellum. Einnig þarf að leita leyfis hjá heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags áður en asbesti er fargað og Umhverfisstofnun þarf að samþykkja urðunarstaði í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.

Asbest og vörur sem í er asbest skal greinilega merkt af framleiðanda eða innflytjanda í samræmi við viðauka við reglugerðinni.

Við niðurrif gamalla lagna tengt vegagerð geta komið upp tilfelli þar sem lagnir innihalda asbest. Einnig geta varahlutir í vinnuvélum innihaldið slík efni.

6.3.7. 137/1987 – Reglur um notkun og bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna

Í reglugerðinni kemur fram að spónaplötur og hliðstæðar plötur, sem innihalda lím, er gefur frá sér formaldehyð, má einungis nota í byggingar, húsgögn, innréttingar og þess háttar, ef þær við prófun í sérstökum loftræstiklefum/skápum gefa með viðurkenndum aðferðum frá sér minna formaldehyð en svo að jafnvægisstyrkurinn fari ekki yfir 0.15 mg/m^3

Ef ekki liggur fyrir staðfesting á því að þessar kröfur séu uppfylltar má einungis nota plötur þar sem innihald af fríu formaldehyði fer ekki yfir 25 mg/100 g af þurrefni

platan. Þær plötur skal að auki meðhöndla á þann hátt, að uppgufun formaldehyðs frá þeim verði innan þeirra marka sem kveðið er á um í 1. mgr.

Við vegagerð gæti þessi reglugerð átt við um uppsetningu vinnubúða. Því þarf að kröfur um að þessum ákvæðum sé fullnægt við efnisval.

6.3.8. Reglugerð um sprengiefni nr. 684/1999

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu og flutning sprengiefnis, þ.á m. lestun og losun, svo og um kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hvers kyns meðferð sprengiefnis.

Reglugerðin tekur á öllum þáttum í meðferð sprengiefnis. Fjallað er um öryggisleiðbeiningar sem fylgja skulu sprengiefni, framleiðslu þess og sölu til notenda, tilhögun og gerð búnaðar og flokkun hans.

Einnig er fjallað um geymslu og flutning sprengiefnis, útbúnað og merkingu ökutækja, flutningsleiðir, stjórnendur, lestun og losun sprengiefnis og ákvæði sem gilda við flutning þess í gámum og öðrum ökutækjum.

Að síðustu er fjallað um sprengivinnuna sjálfa: viðbrögð við óhöppum, réttindi til að annast sprengivinnu, skyldur og ábyrgð sprengistjóra, meðferð sprengiefnis á sprengistað, kveikibúnað, borun, byrgingu, tjónavarnir og tjónaefirlit, skot og óvenjulega sprengivinnu.

Við vegavinnu er sprengiefni meðhöndlað við efnisvinnslu, jarðgangnagerð og jarðvinnu. Ákvæði reglugerðarinnar taka einnig á geymslu og meðferð sprengiefnis innan vinnusvæða og vinnubúða. Jafnframt er fjallað um aðbúnað og vinnulag við flutning sprengiefnis innan og utan vinnusvæða.

6.3.9. Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999

Þessar reglur gilda um varasöm efni og vörutegundir sem nota á við atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með varasömum efnum og vörutegundum er átt við eftirfarandi efni og vörutegundir:

- Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, ásamt síðari breytingum, um eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- Efni sem eru á skrá í reglum nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
- Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
- Sprengiefni er falla undir gildandi reglugerð um sprengiefni.
- Efni og vörutegundir sem vegna efna- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slyshættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir vopnalög nr. 16/1998 nema hvað varðar sprengiefni.

Í reglunum kemur fram að framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili á varasömum efnum eða vörutegundunum skuli sjá viðtakanda fyrir öryggisleiðbeiningum á íslensku honum að kostnaðarlausu. Þó er ekki skylt að láta öryggisleiðbeiningar fylgja með efnum og vörutegundum við afhendingu til almenningsnota. Þessi ákvæði eiga því ekki við ef um er að ræða sölu í verslunum

sem almenningur á aðgang að, nema nota eigi efnið við atvinnurekstur og viðkomandi fari fram á að fá öryggisleiðbeiningar.

Öryggisleiðbeiningar skulu fylgja með efnum og vörutegundum þegar viðtakandi tekur á móti þeim í fyrsta skipti og berast ný útgáfa ef breytingar verða á leiðbeiningunum innan 12 mánaða frá því að hann keypti efnið.

Öryggisleiðbeiningarnar skal dagsetja og taka skal fram ef um endurskoðaðar leiðbeiningar er að ræða.

Þeir sem nota efni eða vörutegundir við atvinnurekstur skulu sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu til staðar á notkunarstað. Þeir skulu óska eftir að fá öryggisleiðbeiningar við móttöku efna eða vörutegunda þegar þess er þörf.

Við vegagerð má búast við meðferð þessara efna á verkstæðum, við meðferð og viðhald vinnuvéla, við malbikun, jarðgangnagerð og við vinnu við stál og steypuvirki.

6.3.10. Reglur um asbest nr. 379/1996

Reglurnar gilda um alla starfsemi sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem asbest og vörur sem innihalda asbest eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt.

Almennt er bannað er að flytja inn, framleiða, nota eða meðhöndla á annan hátt asbest og vörur sem innihalda asbest. Í reglunum eru hins vegar talin upp tilvik þar sem að Vinnueftirlitið getur veitt undanþágu frá þessu. Þessi tilvik eru:

- a. Til viðhalds og viðgerða á byggingum, vélum og öðrum búnaði ef það er nauðsynlegt til að búnaðurinn haldi gildi sínu og ekki er hægt að nota önnur minna skaðleg efni. Sama gildir um vélar, tæki og annan búnað þar sem asbest er í einstökum, afmörkuðum hlutum búnaðarins.
- b. Við niðurrif á byggingum, byggingarhlutum eða búnaði. Í þessu tilfelli getur þetta einnig átt við niðurrif á lögnum sem innihalda asbest.
- c. Í einstökum tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á það með fullgildum rökum að mati Vinnueftirlitsins að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verki og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi. Í öllum tilvikum er bannað að sprauta asbesti eða vörum sem innihalda asbest.

Í reglunum er fjallað um ástand og merkingar asbests og asbestvara þannig að komið sé í veg fyrir rykmyndun við geymslu, flutning og notkun. Einnig er fjallað um vinnuaðferðir, verkfæraval, vinnufatnað, öndunargrímur, afmörkun og lokun vinnusvæða svo rykmyndun og rykmengun sé lágörkuð.

Þar sem unnið er með asbest skal festa upp viðvaranir um hættu af völdum asbests og leiðbeiningar um starfshætti í samræmi við þessar reglur. Einnig skal fræða starfsmenn um þær hættur sem innöndun asbests hefur í för með sér. Aðeins þeir sem sótt hafa námskeið á vegum Vinnueftirlitsins mega vinna að niðurrifi eða viðhaldi á asbesti.

Atvinnurekandi skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins láta fara fram mælingu á asbestsýki í andrúmslofti starfsmanna. Ekki er nauðsynlegt að láta fara fram mælingu ef Vinnueftirlitið telur ekki þörf á því vegna lítillar hættu á asbestmengun.

Í þeim tilvikum sem veitt hefur verið undanþága fyrir vinnu með asbest verður að liggja fyrir mat á heilsufari allra starfsmanna áður en þeir hefja vinnu við asbest og halda skrá yfir starfsmenn í viðvarandi asbestvinnu.

Við niðurrif gamalla lagna tengt vegagerð geta komið upp tilfelli þar sem lagnir innihalda asbest. Einnig geta varahlutir í vinnuvélum innihaldið slík efni.

6.3.11. Reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni nr. 236/1990

Ákvæði reglugerðarinnar ná til flokkunar, merkingar og meðferðar eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði í smásölueiningum. Ákvæði II. kafla um flokkun, IV. kafla um merkingu og VII. kafla um eftirlit gilda þó einnig um efni og vörutegundir, sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum.

Með eiturefnum og hættulegum efnum er átt við efni, sem skráð eru á lista yfir eiturefni og hættuleg efni og gilda ákvæði reglugerðarinnar jafnt um innflutning, framleiðslu, dreifingu og aðra meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Listinn er uppfærður reglulega og birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is].

Í reglugerðinni er fjallað um varnaðarmerki og umbúðamerkingar við flutninga innanlands. Einnig er fjallað um varðveislu eiturefna, hættulegra efna og vara sem innihalda slík efni. Þau skal varðveita í upprunalegum umbúðum og á þann máta að ekki verði villst á þeim og umbúðum undir önnur efni. Þau skal alltaf geyma á tryggan og öruggan hátt, þar sem börn ná ekki til og ekki nálægt matvælum, fóðurvörum, lyfjum eða öðrum slíkum, vörutegundum.

Efni sem flokkast undir þessa reglugerð geta verið í notkun á öllum vinnustöðum og við mörg verk þó í mismunandi magni.

6.4. HÁVAÐI, INNILOFT/MENGUN OG LÝSING

6.4.1. Reglugerð um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum nr. 349/2004

Reglugerðin gildir um starfsemi þar sem starfsmenn eiga á hættu að verða fyrir sprengingu af völdum sprengifims andrúmslofts sbr. þó strangari ákvæði í sérlægum og sérreglum. Reglugerðin gildir þó ekki um m.a.:

- notkun tækja sem brenna gasi, sbr. reglur nr. 108/1996, um tæki sem brenna gasi,
- framleiðslu, meðferð, notkun, geymslu og flutninga á sprengiefnum eða efnafræðilega óstöðugum efnum,
- jarðefnanám, sbr. reglur nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám, og reglur nr. 553/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum,
- flutninga sem viðeigandi alþjóðasamningar gilda um. Reglugerðin gildir þó um flutninga á vinnustöðum þar sem hætta getur verið á sprengifimu andrúmslofti.

Markmið reglugerðarinnar er að bæta öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti.

Ef að líkur eru á að starfsemi geti haft í för með sér myndun sprengifims andrúmslofts skal atvinnurekandi meta eða láta meta eðli ástandsins. Að því loknu skal atvinnurekandi semja skriflega greinargerð um sprengivarnir áður en vinna hefst og grípa til nauðsynlegra forvarna.

Ef hætta er á að sprenging geti orðið vegna sprengifims andrúmslofts skal flokka vinnusvæðin eftir sprengihættu. Í reglugerðinni eru gerðar lágmarkskröfur um tæki og aðbúnað vinnustaða þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti.

Við vegagerð getur sprengifimt andrúmsloft myndast í lokuðu rými þar sem meðferð hættulegra efna á sér stað, s.s. á verkstæðum, við jarðgangnagerð og aðra mannvirkjagerð. Einnig getur myndast sprengihætta ef hleðsluklefar fyrir lyftara eða aðrar vinnuvélar eru illa loftræstir.

6.4.2. Reglur um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss nr. 279/2003

Reglurnar gilda um tækjabúnað, sem tilgreindir eru í 9. og 10. gr. reglnanna, sem er til notkunar utanhúss á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um tækjabúnað sem er seldur eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota sé ekki fjallað um hann í öðrum lögum eða reglum. Þessi tækjabúnaður er skilgreindur í viðauka I við reglurnar. Einungis er átt við tækjabúnað sem settur er á markað eða tekinn í notkun sem heil eining til fyrirhugaðrar notkunar.

Markmið reglnanna er að samræma reglur aðildarríkjanna innan Evrópska efnahagssvæðisins um hávaðamengun, samræmismat, merkingar, tæknigögn og gagnasöfnun um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir viðskiptahindranir á innri markaði samhliða því að vernda heilsu manna.

Reglugerðin snertir fremur framleiðendur og innflytjendur en notendur. Hins vegar eiga ákvæði 15. gr. reglnanna við starfsemi verktaka en þar segir: „*Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna, og þar sem við á öryggi húsdýra og eigna, stafi hætta af einhverri tegund tækjabúnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess tækjabúnaðar tímabundið í allt að fjórar vikur eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun.*”

6.4.3. Reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum nr. 154/1999

Þessar reglur gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem efni í mengunarmarkaskrá myndast eða eru notuð.

Samkvæmt reglunum skal skipuleggja og framkvæma vinnu á þann veg að mengun sé eins lítil og kostur er. Mengun í andrúmslofti starfsmanna skal ekki fara yfir mengunarmörk sem gefin eru upp í mengunarmarkaskrá í viðauka 1 í reglunum. Fyrir þau efni sem mengað geta andrúmsloftið og valdið starfsmönnum heilsutjóni, en eru ekki á þessari skrá, setur Vinnueftirlitið mengunarmörk í hverju einstöku tilviki.

Þegar augljóst er að mengun er yfir mengunarmörkum skal grípa til aðgerða til að draga úr henni. Leiki vafi á hvort mengunin sé yfir eða undir mörkum skal strax rannsaka aðstæður með tilliti til þess. Ef ekki er hægt að grípa til aðgerða til að draga úr mengun eða að þær eru ófullnægjandi, skal nota nauðsynlegan hlífðarbúnað, t.d. öndunargrímur.

Vinnurými sem loftmengun getur myndast í skal hafa góða loftræstingu og tæknibúnað sem valdið getur mengun skal hanna og útbúa þannig að eftirlit og hreinsun sé auðveld.

Við vegagerð eiga þessi ákvæði við um vinnusvæði s.s. efnisvinnslu þar sem hætta er á svifryksmengun og verkstæði, stál- og steypuvirki, jarðgangnagerð þar sem meðferð hættulegra efna og lokað rými getur skapað áhættu s.s. frá suðugasi,

sementsryki eða ryki úr einangrunarefni. Einnig á þetta við um notkun vinnuvéla vegna útblásturs þeirra.

6.4.4. Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna nr. 500/1994

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða. Í þeim er að finna ákvæði um ráðstafanir á vinnustöðum sem dragi úr hávaða, tryggi að starfsmenn noti heyrnarhlífar þar sem þess er þörf og að haft verði reglulegt eftirlit með heyrn starfsmanna þar sem við á. Taka skal sérstaklega tillit til hávaðavarna um leið og búnaður eða húsnæði er hannað, svo og að velja efni, vinnutilhögun og vinnuaðferðir sem hafa minni hávaða í för með sér. Markmiðið skal vera að draga úr hávaða þar sem hann á upptök sín. Í I., II. og III. viðauka eru birtar leiðbeiningar um hávaðamælingar og eftirlit með heyrn starfsmanna svo og skilgreiningar hugtaka.

Við vegavinnu eru áhættuþættir varðandi hávaðamengun mestar á verkstæðum og við notkun vinnuvéla s.s. við efnisvinnslu, malbikun, jarðvinnu o.þ.h.

6.4.5. Reglur um varnir gegn loftmengun við málmsuðu nr. 491/1987

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem unnið er við málmsuðu. Með málmsuðu er átt við hvers kyns rafsuðu, rafskurð, logsuðu, logskurð, plasmasuðu, plasmaskurð eða lóðningu.

Í reglunum eru gerðar kröfur um að atvinnurekandi veiti upplýsingar um hættur sem fylgja málmsuðu, veiti leiðbeiningar um rétta notkun s.s. aðstæður og aðferðir og efnisval. Einnig eru gerðar kröfur um notkun öndunargríma við suðuvinnu, loftræstingu og loftræstibúnað. Reglulegt eftirlit og viðhald skal vera á slíkum búnaði.

Atvinnurekandi skal framkvæma eða láta framkvæma yfirlitsmælingar á loftmengun í því vinnurými sem að jafnaði er soðið í. Atvinnurekandi skal einnig framkvæma eða láta framkvæma reglulega eftirlitsmælingar til að tryggja að starfsmenn verði ekki fyrir heilsuspillandi loftmengun. Niðurstöður úr yfirlits- og eftirlitsmælingum skulu geymdar í fyrirtækinu og vera aðgengilegar starfsmönnum, öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og starfsmönnum Vinnueftirlitsins.

Við vegavinnu eiga þessar reglur sérstaklega við um vinnu innan verkstæða og við vinnu við stál- og steypuvirki.

6.5. HEILSUVERND Á VINNUSTAÐ – VELLÍÐAN Í VINNU

6.5.1. Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum nr. 88/1999

Markmið reglnanna er að tryggja að starfsmenn sem ekki reykja verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum og jafnframt að veita fólki sem kemur á vinnustað vegna viðskipta eða þjónustu slíka vernd.

Í reglunum segir að tóbaksreykingar séu almennt óheimilar í vinnurými. Þó er hægt að veita undanþágu frá þessu banni við ákveðnar aðstæður. Í reglunum er ýmsar aðstæður og vistarverur taldar upp s.s. reykingar í bifreiðum, á kaffi og matstofum, fundarherbergjum, svefnskálum o.s.frv. Einnig er fjallað um afdrep fyrir reykingafólk.

Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting að mati eftirlitsaðila.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um verkstæði, vinnubúðir, vinnuvélar, byggingarvinnustaði, jarðgöng og aðra þá staði þar sem að hætta er á að reykingar starfsmanna geti skaðað eða valdið öðru starfsfólki óþægindum.

6.6. HÚSNÆÐI

6.6.1. Reglur um húsnæði vinnustaða, nr. 581/1995

Reglurnar gilda um vinnustaði sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda þó ekki um byggingarvinnustaði, jarðefnavinnslu eða aðra hliðstæða vinnustaði og flytjanlegt starfsmannarými, sjá reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir hér að neðan.

Áður en nýtt húsnæði er byggt og tekið í notkun eða eldra húsnæði breytt fyrir starfsemi ber að leita umsagnar Vinnueftirlitsins um það hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við þessar reglur. Fyrir afgreiðslu umsagnarinnar skal eigandi eða fulltrúi hans afhenda Vinnueftirlitinu sundurliðaða greinargerð, auk uppdráttar yfir húsakynni, hönnun og fyrirkomulag véla, tækja, innréttinga og annars búnaðar eftir því sem við á hverju sinni.

Í reglunum er svo fjallað ítarlega um þá kröfur sem gerðar eru til tilhögunar og útbúnaðar vinnurýmis. Reglurnar fjalla um loft, lofthæð, loftrými, gólf, vegg og loft, dagsbirtu og lýsingu, hitun, loftræstingu, hávaða, kjallararými, starfsmannarými, útgönguleiðir og neyðarútganga, hvíldaraðstöðu, sjúkrastofur, umferðarleiðir-hættusvæði, vinnustaði utanhúss, fatlaða starfsmenn, ræstiklefi, hurðir og hlið.

Við vegagerð gilda ákvæði þessarar reglugerðar um verkstæði og varanlegar vinnubúðir.

6.6.2. Reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir, nr. 84/1982

Í reglugerðinni eru settar fram lágmarkskröfur varðandi starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

- Með starfsmannabústöðum er átt við varanlegt íbúðarhúsnæði sem ætlað er til svefnis, matar og daglegrar dvalar starfsfólks í tengslum við atvinnustarfsemi.
- Með starfsmannabúðum er átt við færanlegt húsnæði til svefnis, matar og daglegrar dvalar starfsfólks vegna atvinnustarfsemi utan þéttbýlis.

Gerðar eru almennar lágmarkskröfur um aðbúnað starfsmannabústað, s.s. að:

1. haldið sé við skólpræsum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum þar sem slíkt á við,
2. allar innanhússlagnir frárennslis séu í góðu lagi,
3. hæfileg birta sé til staðar,
4. herbergi séu vel rakavarin,
5. þeir séu í hæfilegri fjarlægð frá starfsstöð,
6. mötuneyti eða aðstaða til matargerðar sé fullnægjandi
7. reykskynjari sé til staðar í hverju herbergi, og
8. hægt sé að hengja upp og þurrka vinnufatnað.

Gerðar eru lágmarkskröfur um starfsmannabúðir, s.s. að

1. starfsmannabúðir má ekki setja niður nærri ám eða vötnum,

2. Þar sem holræsi er ekki fyrir hendi, sem hægt er að leiða í fljótandi úrgang frá húsi, skal gera rotþró og ganga þannig frá henni að hún valdi ekki óþrifnaði eða óhollustu,
3. lofthæð og stærð gólfplatara o.þ.h. uppfylli ákveðin lágmark.
4. starfsmannabúðum skuli koma tryggilega fyrir. Þær skuli vera traustar, vind- og vatnsþéttar og einangraðar gegn kulda svo sem gerist um íbúðarhús.

Þessi reglugerð á við um vinnubúðir í vegagerð.

6.7. LÍKAMSBEITING - VINNUSTELLINGAR

6.7.1. Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar nr. 499/1994

Reglurnar gilda um það þegar byrðar eru handleiknar og því fylgir hætta á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, vegna þess hvernig hluturinn er gerður eða að vinnuvistfræðilegar aðstæður eru slæmar.

Í þessum reglum merkir orðasambandið "að handleika byrðar" það þegar einn eða fleiri starfsmenn flytja byrði úr stað eða styðja við hana. Í því felst að lyfta, setja niður, ýta, draga, bera eða færa til byrði, sem getur verið hlutur/hlutir, fólk eða dýr.

Í reglunum er fjallað um skyldur atvinnurekandi til að gera skipulagsráðstafanir eða nota viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnað, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að handleika byrðar. Þar sem ekki er hjá því komist skal atvinnurekandi skipuleggja vinnuaðstæður, nota viðeigandi búnað eða sjá starfsmönnum fyrir hjálpartækjum til að draga úr þeirri áhættu sem því fylgir að vinna við slíkar aðstæður.

Í reglunum er jafnframt útskýrt er frekar hvernig burður, líkamlegt átak, aðstæður við vinnu og verkefnið geta valdið hættu á heilsutjóni og gefnir upp áhættuþættir sem lúta að einstaklingnum.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um öll störf þar sem handleika þarf byrðar. Þess háttar vinnu kann að fara fram innan vinnusvæða, verkstæða, við byggingu stál- og steypivirkja og við vinnuvélar.

6.8. PERSÓNUHLÍFAR

6.8.1. Reglur um notkun persónuhlífa 497/1994

Reglur þessar gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um persónuhlífar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.

Í reglunum kemur fram að nota skuli persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd eða með ráðstöfunum, aðferðum eða annarri tilhögun við skipulagningu vinnunnar.

Gerðar eru kröfur um notkun persónuhlífa. Fjallað er um almenna notkun á persónuhlífum og skyldur atvinnurekanda gagnvart þeim starfsmönnum sem þurfa að bera persónuhlífar við störf sín.

Í reglugerðinni er birt leiðbeinandi skrá (ekki tæmandi) yfir persónuhlífar og yfir störf og starfssvið þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota persónuhlífar.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um öll störf innan vegagerðar þar sem persónuhlífa er þörf, s.s. heyrnarskjól við vinnu við vélar, í byggingarvinnu, brúargerð eða jarðgangnagerð, notkun skófatnaðar með stáltá og hörðum botni o.s.frv.

6.9. SÁLFÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR Í VINNU

6.9.1. Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum nr. 1000/2004

Markmiðið með þessari reglugerð er að innan vinnustaða verði stuðlað að forvörnum og aðgerðum gegn einelti á vinnustöðum.

Í reglunum kemur m.a. fram að atvinnurekandi skuli skipuleggja vinnu þannig að dregið sé úr hættu á að þær aðstæður skapist í vinnuumhverfi sem leitt geti til eineltis eða annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi. Hann skal gera starfsfólki það ljóst að einelti og önnur ótilhlýðileg háttsemi er óheimil á vinnustað, Honum ber jafnframt skylda til þess að láta slíka háttsemi á vinnustað ekki viðgangast. Við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal m.a. fjalla um einelti.

Starfsmaður sem hefur orðið fyrir eða hefur vitneskju um einelti á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það og skal atvinnurekandi skal bregðast við eins fljótt og kostur er.

Meta skal aðstæður í samvinnu við vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins, utanaðkomandi ráðgjafa, ef með þarf, og aðra er málið varðar. Atvinnurekandi skal grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki á vinnustaðnum.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um alla þætti vegagerðar.

6.10. VINNA BARNNA OG UNGLINGA

6.10.1. Reglugerð um vinnu barna og unglinga nr. 426/1999

Reglugerðin tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Gerður er greinarmunur á *ungmenni*, sem merkir einstakling undir 18 ára aldri, og *barni*, sem merkir einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. *Unglingur* merkir einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og ekki lengur í skyldunámi.

Í reglugerðinni kemur fram að atvinnurekandi ber ábyrgð á því að gripið sé til viðeigandi ráðstafana á grundvelli mats á þeirri áhættu sem starf getur skapað ungmennum og ber atvinnurekanda að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um öryggi vinnustaðarins.

Atvinnurekanda ber að tryggja ungmennum fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar til að tryggja að vinnan sé ekki hættuleg öryggi eða heilsu þeirra. Atvinnurekandi skal einnig kynna ungmennunum, foreldrum eða forráðamönnum þeirra og þeim starfsmönnum sem starfa með ungmennunum, þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

Í reglugerðinni eru talin upp störf og tækjabúnaður sem ungmenni, börn og unglingar mega ekki starfa við. Í vegagerð verður sérstaklega að taka tillit til ákvæða þessarar reglugerðar m.t.t. sumarstarfsfólks sem vinnur almenna vinnu hjá verktökum.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um alla þætti vegagerðar.

6.11. VINNUSLYS OG ATVINNUSJÚKDÓMAR

6.11.1. Reglur um tilkynningu vinnuslysa nr. 612/1989

Í reglugerðinni er fjallað hvernig atvinnurekandi eða fulltrúi hans skuli bregðast við komi upp slys eða eitrun á vinnustað.

Það ferð eftir eðli slyssins/eitrunarinnar hvernig atvinnurekanda ber að bregðast við:

Slys eða eitrun eru *tilkynningaskyld* ef ætla má að áverkinn sem af þeim hlýst geti valdið langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, svo sem ef slasaði missir útlím eða hluta af útlím, beinbrotnar, fer úr liði, fær meiriháttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða eitrun. Verði þess háttar slys eða eitrun á vinnustað skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans tilkynna það lögreglu og Vinnueftirlitinu símleiðis eða með öðrum hætti svo fljótt sem verða má og a.m.k. innan sólarhrings. Í þessum tilfellum er óheimilt er að breyta aðstæðum á slyssað, nema vegna björgunaraðgerða, fyrr en vettvangskonun hefur farið fram.

Slys eða eitrun sem valda fjarveru frá vinnu í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð, en teljast ekki falla undir tilkynningaskyld slys eða eitrun, sbr. lýsinguna hér að ofan skulu tilkynnt Vinnueftirlitinu á þar til gerðum tilkynningarblöðum svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en innan 14 daga.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um alla þætti vegagerðar.

6.12. VINNUVÉLAR OG PALLAR

6.12.1. Reglur um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar nr. 609/1999

Reglurnar gilda um krana og lyftibúnað sem er í notkun eða verður tekinn í notkun eftir gildistöku þessara reglna.

Í reglugerðinni er fjallað um grindarbómukrana, krana með skotbómu, byggingakrana, brúkrana, hlaupaketti, taliur og króka. Framangreindar gerðir krana þurfa að vera útbúnar mismunandi öryggisbúnaði, s.s. vog, hallamælum, hæðarstoppi, endastoppi o.s.frv. Þessi reglugerð á því við um allar gerðir krana sem notaðir eru við vegagerð og á verkstæðum.

6.12.2. Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla nr. 388/1989

Farandvél er tæki sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél. Vinnuvél er tæki, sem knúði er af aflvél og hægt að vinna með nánar tiltekin störf. Farandvinnuvél er tæki sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél. Ákvæði reglna þessara gilda um farandvinnuvélar og vinnuvélar sem skráðar eru í viðauka, eins og t.d. kranar, gröfur, vegheflar, valtarar og mólunar- og hörpunarsamstæður.

Óheimilt er að selja, afhenda eða taka í notkun farandvinnuvélar eða vinnuvélar nema að þær hafi verið skoðaðar og skráðar af Vinnueftirlitinu. Skráningarkerki skal festa tryggilega á vélarnar. Vélar skulu skoðaðar árlega, ýmist á vettvangi eða á skoðanastað, krefjist skoðunin sérstaks tækjabúnaðar og hafi vélin heimild til aksturs í umferð.

Uppfylli tækið ekki kröfur Vinnueftirlitsins er hægt að krefjast úrbóta eða innsigla og/eða banna notkun tækisins.

Þessi reglugerð á við um allar farandvinnuvélar og vinnuvélar sem notaðar eru í vegagerð.

6.12.3. Reglur um hengiverkpalla nr. 332/1989

Með hengiverkpalli er átt við verkpall sem hangir í vír neðan í upphengi og er færانlegur í lóðréttu og láréttu stefnu.

Einungis má flytja inn, selja, afhenda eða nota þær gerðir hengiverkpalla sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt. Leiðbeiningar á íslensku um uppsetningu, meðferð og viðhald skulu fylgja hengiverkpöllum við afhendingu.

Í reglugerðinni eru svo gerðar kröfur til verkpallanna varðandi hönnun og efnivið s.s. upphengi, lyftivíra, öryggislínur, vindur og stjórnbúnað.

Þessi reglugerð á við um notkun vinnupalla við byggingarvinnu, hvort sem er við brúargerð, jarðgangnagerð eða önnur stál og steypuvirki eða vinnu innan verkstæða.

6.12.4. Reglur um röraverkpalla nr. 331/1989

Röraverkpallur er verkpallur úr rörum sem sett eru saman með sérstökum tengjum eða eftir sérstöku samsetningarkerfi. Verkpallurinn er notaður af einum eða fleiri starfsmönnum til að vinna á og fyrir efni og verkfæri sem tilheyra vinnunni.

Einungis má flytja inn, selja, afhenda eða nota þau samsetningarkerfi eða gerðir röraverkpalla sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt. Með þeim skulu fylgja leiðbeiningar á íslensku um m.a. samsetningu, notkun og viðhald og er notendum skylt að fara að þeim leiðbeiningum.

Í reglugerðinni eru svo gerðar kröfur um hönnun verkpallanna, efnivið, frágang gólfa, aðgangsléiðir og athafnarými, handrið, undirstöður, afstýfingu og festibúnað, viðhald og sérstaklega fjallað um röraverkpalla á hjólum.

Þessi reglugerð á við um notkun vinnupalla við byggingarvinnu, hvort sem er við brúargerð, jarðgangnagerð eða önnur stál og steypuvirki eða vinnu innan verkstæða.

6.12.5. Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum nr. 198/1983

Markmið þessara regla er að tryggja næga þekkingu, þjálfun og öryggi í meðferð vinnu- og farandvéla.

Til að mega stjórna vinnuvél þarf viðkomandi að hafa öðlast til þess réttindi. Sá einn getur öðlast réttindi til að stjórna vinnuvélum sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- Er fullra 17 ára.
- Hefur ökuréttindi á bifreið.
- Hefur lokið tilskildu námi og þjálfun.

Náms- og þjálfunarkröfur sem getið er um í lið c. hér að ofan eru mismunandi eftir stærð og gerð vinnuvélanna. Námskeiðin sem sækja þarf eru þrjú: frum-, grunn-, og framhaldsnámskeið. Í reglugerðinni er talið upp hvaða námskeið þurfi að sækja fyrir

mismunandi gerðir vinnuvéla. Einnig er fjallað um skilyrði fyrir inntöku á vinnuvélanámskeið og framkvæmd þessara námskeiða.

Þessar reglur eiga við um vinnuvélar sem notaðar eru í vegagerð.

6.12.6. Reglugerð um öryggisráðstafanir við byggingavinnu nr. 204/1972

Þessi reglugerð er fallin úr gildi nema III. kafli, gr. 22-40 um timburverkpalla. Að öðru leyti er vísað í reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

Í reglugerðinni er fjallað um gerð mismunandi timburverkpalla s.s. stærð og efnivið, efnisgæði o.þ.h.

Þessi reglugerð á við um notkun vinnupalla við byggingarvinnu, hvort sem er við brúargerð, jarðgangnagerð eða önnur stál og steypuvirki eða vinnu innan verkstæða.

6.13. ÞUNGAÐAR KONUR

6.13.1. Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti nr. 931/2000

Reglugerð þessi tekur til kvenna sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti og er markmið hennar að bæta öryggi og heilbrigði þeirra á vinnustöðum.

Þegar hugtökin „þunguð kona“, „kona sem hefur nýlega alið barn“ og „kona sem hefur barn á brjósti“ eru notuð í reglugerðinni er átt við starfsmenn sem hafa greint vinnuveitanda sínum frá því ásigkomulagi sínu.

Samkvæmt reglunum skal vinnuveitandi eða þjónustuaðili meta eðli hættunnar fyrir þá einstaklinga sem heyra undir þessa reglugerð. Leiði niðurstöður í ljós að öryggi og heilbrigði þeirra er í hættu skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar.

Ef af tæknilegum ástæðum er óæskilegt eða ekki unnt að breyta vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma, eða ekki er unnt að fara fram á það með gildum rökum svo að sanngjarnt geti talist, skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fela starfsmanninum önnur verkefni. Sé það ekki unnt skal veita starfsmanninum leyfi frá störfum svo lengi sem nauðsyn krefur til að tryggja öryggi hans og heilbrigði.

Í reglugerðinni er fjallað nánar um þessa tilhögun og rétt starfsmanns til greiðslna. Einnig er fjallað nánar um þau störf og starfsaðstæður sem óheimilt að láta starfsmann í þessu ástandi vinna við.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um alla þætti vegagerðar.

6.14. ÖRYGGI / ATVINNUGREINAR

6.14.1. Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996

Markmið reglnanna er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum. Reglurnar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám og öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum enda gilda sérstakar reglugerðir þar um (sjá 553/1996 og 552/1996 hér að neðan).

Reglugerðin fjallar fyrst og fremst um skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana á vinnustöðum þar sem fleiri en tveir atvinnurekendur eða verktakar eru að störfum.

Áður en byggingarsvæði er skipulagt þá ber verkkaupi ábyrgð á því að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun ef tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á vinnusvæði og starfsmenn eru fleiri en 10, eða ef vinna er hættuleg (sbr. skilgreiningar í II. viðauka reglnanna).

Verkkaupi ber ábyrgð á því að tilkynning sé send til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst ef um er að ræða vinnustað þar sem vinna mun standa lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis eða um er að ræða vinnusvæði þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.

Fjallað er um skyldur samræmingaraðila á undirbúningsstigi verksins og á framkvæmdatíma verksins. Í reglugerðinni kemur þó fram að verkkaupi, verkefnastjóri og atvinnurekandi/verktaki bera þó fulla ábyrgð á að þessum reglum sé fullnægt þó svo að samræmingaraðili hefur verið skipaður.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um vinnusvæði, við vinnu við stál- og steypuvirki og jarðgangnagerð. Þær eiga ekki við um jarðefnanám.

6.14.2. Reglugerð um hættumat í iðnaðarstarfsemi nr. 263/1998

Markmið þessarar reglugerðar eru að stuðla að öryggi á vinnustöðum og vernda almenning og umhverfi gegn stórslysum af iðnaðarstarfsemi.

Reglugerðin gildir um iðnaðarstarfsemi, búnað og geymslustaði þar sem efni sem tiltekin eru í I. viðauka reglugerðarinnar eru geymd eða notuð við eðlilega starfsemi, eða þar sem þau kunna að myndast við röskun á eðlilegri starfsemi. Reglugerðin gildir ekki fyrir m.a.:

- Námugröft eða annarskonar námuvinnslu.
- Flutning hættulegra efna utan starfsstöðvar.

Samkvæmt þessari reglugerð skulu rekstraraðilar sem hafa ákveðið efnismagn á vinnustaðnum vinna s.k. stefnumarkandi skjal þar sem fram kemur hvernig ráðgert er að koma í veg fyrir stórslys. Þetta magn er tilgreint í fyrri dálki taflna sem birtar eru í hluta I. og II. í viðauka 1). Ákvæði reglugerðarinnar gilda m.a. um staði þar geymt er meira magn sprengiefnis en 10 tonn er á einum stað. Þetta getur því í mörgum tilfellum átt við jarðgangnagerð. Ef verktaki geymir svo mikið efni á einum stað skal hann hafa tiltækt stefnumarkandi skjal, og vera tilbúinn að sýna það hvenær sem er,

þar sem fram kemur að viðeigandi skilyrðum hafi verið fullnægt og nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á stórslysi hafi verið gerðar.

Einnig þarf að tilkynna til Vinnueftirlitsins að um að unnið sé efni í því magni sem tilgreint er í viðaukanum.

Að öðru leyti þurfa verktakar ekki að fara eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, að því gefnu að magn sprengiefnis á svæðinu fari ekki yfir 50 tonn.

6.14.3. Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum nr. 553/1996

Þessi reglugerð gildir um vinnustaði þar sem að jarðefnanám með borunum fer fram sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í reglum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi með borunum.

Reglurnar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám þar sem borunum er ekki beitt um það gildir sérstök reglugerð sem fjallað er um hér að neðan (552/1996).

Í reglum merkir jarðefnanám með borunum alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:

- jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins, með því að bora borholur, eða
- leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða
- meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.

Í reglugerðinni er fjallað um almennar skyldur atvinnurekanda til að gera gæta öryggis og heilsu starfsmanna og ábyrgð hans á því að til sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum áður en vinna hefst. Áætlunin skal m.a. fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd. Þar sem margir verktakar eru á sama vinnustað skal hver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir sínum starfsmönnum. Þó skal í þessum tilfellum skipa samræmingaraðila fyrir öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á vinnustaðnum í heild sinni.

Í reglugerðinni er svo fjallað um ýmis mál sem snúa að öryggismálum, s.s.

- varnir gegn bruna, sprengingum og heilsuspillandi andrúmslofti,
- undankomu og björgunarbúnað,
- samskipta, viðvörunar og hættuboðkerfi
- upplýsingar sem veita skal starfsmönnum um þær ráðstafanir sem gripið er til.

Einnig er fjallað um heilsuvernd starfsmanna, s.s. heilsufarsskoðanir sem framkvæma skal með reglubundnu millibili. Í viðauka reglnanna er svo ítarleg umfjöllun um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustuhætti og svo sérstakar öryggiskröfur sem gilda um jarðefnanám á yfirborði annars vegar og neðanjarðar hins vegar.

Þessi ákvæði eiga við um efnisvinnslusvæði og vinnubúðir innan þeirra svæða, sbr. skilgreininguna hér að ofan. Þrátt fyrir það má ætla að efnisvinnsla með borunum s.s. við jarðgangnagerð falli ekki undir þessa skilgreiningu þar sem ekki er verið að undirbúa efni til afhendingar fyrir frekari notkun annars staðar.

6.14.4. Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám nr. 552/1996

Reglur þessar gilda um vinnustaði þar sem jarðefnanám fer fram. Í reglum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar.

Í reglunum merkir jarðefnanám á yfirborði jarðar eða neðanjarðar alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:

- jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eða
- leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða
- meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.

Ákvæði þessarar reglugerðar eru þau sömu og gilda um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum nr. 532/1996 sem fjallað er um hér að ofan.

Þessi ákvæði eiga við um efnisvinnslusvæði og vinnubúðir innan þeirra svæða þar sem efnisvinnsla fer fram sbr. skilgreininguna hér að ofan.

6.14.5. Reglur um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými nr. 429/1995

Reglurnar gilda um vinnu í lokuðu rými sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með lokuðu rými er átt við rými þar sem hættu getur verið á súrefnisskortum og/eða loftheildum yfir hættumörkum vegna ófullnægjandi loftræstingar og þar sem aðgengi er erfitt. Dæmi um lokuð rými eru geymar, katlar, dælurými, eldsneytisgeymar, þurrými, lagnastokkar og kjallarar.

Í reglugerðinni er fjallað um nauðsynlegar ráðstafanir, s.s. hættumat og skipulagningu vinnu í lokuðu rými áður en hún er hafin þannig að öryggi og heilsu starfsmanna sé ekki ógnað. Fjallað er um afgirðingu vinnusvæða og merkingu þeirra, loftræstingu, framkvæmd áhættumats, notkun persónuhlífa og annars öryggisbúnaðar.

Þar sem eldfimir eða eitruður vökvi hefur verið geymdur má ekki hefja vinnu fyrr en að lokinni gaseyðingu og gas- og súrefnismælingu í kjölfar þess. Að því loknu skal Vinnueftirlitið eða annar aðili gefa út gaseyðingarvottorð.

Verði vart við olíu í geymi á meðan að vinna stendur yfir í því magni að ætla megi að olíugufa myndist skal þegar stöðva vinnu. Óheimilt að hefja hana aftur fyrr en nýtt gaseyðingarvottorð hefur verið gefið út.

Með reglugerðinni fylgja einnig leiðbeiningar um vinnu í lokuðu rými.

Verkþættir í vegavinnu, s.s. lokuð lyftararými á verkstæðum og vinnusvæðum og lokuð rými við byggingu mannvirkja, s.s. stál- og steypuvirki eða jarðgangnagerð, geta skapað þessa hættu

6.14.6. Reglur um naglabyssur nr. 476/1985

Reglurnar gilda um handstýrðar naglabyssur. Naglabyssur eru skilgreindar sem verkfæri sem í er sett og notað skothylki með sprengihleðslu til að skjóta inn nagla, bolta eða þess háttar hlutum.

Í reglunum er gerð krafa um almennan útbúnað naglabyssa s.s. handfangs, hleðslu, kveikipinna og endurkastshlífar, skothylkja og nagla og annarra hluta sem skotið er úr þessum verkfærum. Einnig er fjallað um gerð, traustleika og merkingar á kössum utan um skotfæri og naglabyssur og leiðbeiningar á íslensku um notkun og viðhald naglabyssa. Gerð er krafa um viðurkenningu og prófun þeirra og að þær séu merktar á ákveðinn máta. Sérstaklega er fjallað um viðhald naglabyssa s.s. að þær skuli hreinsaðar daglega eftir notkun og að þær skuli yfirfarnar a.m.k. annað hvert ár.

Atvinnurekendur, eigendur eða útleigjendur naglabyssu eiga að sjá til þess að starfsmenn eða aðrir notendur hafi nægilega kunnáttu til að meðhöndla þau. Í reglugerðinni er svo fjallað almennt um meðferð naglabyssu, hentugar naglastærðir, persónuhlífar og annan hlífðarbúnað og merkingar vinnusvæða þar sem vinna með heftibyssur fer fram.

Í reglugerðinni kemur fram að sá einn hefur rétt til að nota naglabyssu sem er orðinn fullra átján ára.

Við vegavinnu er notkun heftibyssu einkum við byggingarvinnu við stál og steypuvirki og innan verkstæða.

6.14.7. Reglur um heftibyssur nr. 475/1985

Reglurnar gilda um handstýrðar heftibyssur. Heftibyssur eru skilgreindar sem skotverkfæri sem skýtur inn hefti, nagla eða þess háttar hlutum með öðrum aflagjafa en sprengihleðslu.

Í reglugerðinni er gerð krafa um almennan útbúnað s.s. gikk, handfang og endurkasthlíf. Heftibyssum skulu fylgja auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun meðferð og viðhald og skulu atvinnurekendur, eigendur eða útleigjendur slíkra verkfæra sjá til þess að starfsmenn eða aðrir notendur hafi nægilega kunnáttu til að meðhöndla þau. Í reglugerðinni er svo fjallað almennt um meðferð heftibyssu, hentugar naglastærðir, persónuhlífar og annan hlífðarbúnað og merkingar vinnusvæða þar sem vinna með heftibyssur fer fram.

Í reglugerðinni kemur fram að sá einn hefur rétt til að nota heftibyssu sem er orðinn fullra átján ára nema heftibyssur sem einungis eru gerðar til að skjóta heftum sem eru 0,3 grömm eða léttari. Einnig mega iðnnemar sem náð hafa 16 ára aldri nota heftibyssur sem lið í starfsnámi sínu.

Við vegavinnu er notkun heftibyssu einkum við byggingarvinnu við stál og steypuvirki og innan verkstæða.

6.14.8. Reglugerð um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum, nr. 145/1953

Þessi reglugerð fjallar um þær kröfur sem gerður eru um almennan aðbúnað á bifreiðaverkstæðum til að tryggja öryggi og hollustuhætti. Í reglugerðinni er fjallað um húsnæðismál, s.s. sérstök salarkynni fyrir viðgerðir á bifreiðum eða farandvélum, gólfgerðir og gólfhalla, gangbrautir, aðgengi að útgönguleiðum og varaútgöngudyr í neyðartilfellum. Einnig er fjallað um aðstöðu við vinnugryfjur, loftræstibúnað, lyftitæki, meðferð eldfims efnis og eldvarnir.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um rekstur bifreiðaverkstæða í tengslum við vegagerð.

6.15. ÖRYGGISBÚNAÐUR OG HLJÓÐAFLSSTIG VÉLA

6.15.1. Reglugerð um notkun tækja nr. 431/1997

Í reglugerðinni eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og hollustu þegar starfsmenn nota tæki á vinnustöðum. Með tækjum er átt við vél eða vélbúnað, áhald, verkfæri eða þess háttar búnað sem notaður er á vinnustöðum. Með notkun þeirra er átt við allar athafnir sem tengjast tækjunum, svo sem að ræsa þau eða stöðva, beita

þeim, flytja þau, gera við þau, breyta þeim, halda þeim við eða hirða um, þar með talið að þrifa þau.

Í reglugerðinni er fjallað um skyldur atvinnurekanda til að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té henti til þeirra verka sem á að vinna, þannig að öryggi þeirra eða heilsu sé ekki stofnað í hættu. Sé ekki hægt að nota tækið áhættulaust, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að lágmarka áhættuna. Fjallað er um skyldur atvinnurekanda varðandi eftirlit, skoðun og viðhald á tækjum. Einnig er fjallað um skyldur atvinnurekanda varðandi upplýsingagjöf til starfsmanna um þau tæki sem notuð eru á vinnustaðnum, m.a. um skriflegar leiðbeiningar varðandi notkun tækja, og um skyldur atvinnurekanda til að tryggja þjálfun og sérþjálfun starfsmanna.

Þegar líkur eru á því að notkun tækja hafi í för með sér sérstaka áhættu skal atvinnurekandi tryggja að einungis þeir starfsmenn sem það hefur verið falið noti tækin og að viðgerðir, breytingar og umhirða tækisins sé einungis í hendi starfsmanna sem sérstaklega eru útnefndir til þeirra verka.

Þessi flokkur á við um alla starfshætti vegagerðar þar sem vélar eru á annað borð notaðar.

6.15.2. Reglur um öryggisbúnað véla nr. 492/1987 (gilda um vélar sem eru árgerð 1996 og eldri).

Þessar reglur gilda um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum. Í reglugerðinni er *vél* notað sem sameiginlegt heiti fyrir vélar, vélarhluta, verkfæri og tæki sem ætluð eru til notkunar innan gildissviðs þessara reglna.

Í reglugerðinni er fjallað um gerð véla og að hún skuli vera á þann hátt að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt varðandi flutning, uppsetningu og viðhald hennar. Í reglugerðinni kemur fram að ef nauðsyn krefji skuli vélin búið sérstökum öryggisbúnaði.

Einnig er fjallað um útbúnað véla, staðsetningu við uppsetningu og viðhald, kröfur sem gerðar eru um umhverfisþætti s.s. lágmörkun titrings, hávaða, hita, raka o.þ.h. Reglugerðin fjallar jafnframt um merkingar véla, leiðbeiningar um notkun, meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang.

Að síðustu er svo fjallað um viðurkenningarskyldu, endurskoðun o.þ.h sem ekki á við um notkun á vélunum heldur innflutning og markaðssetningu.

Þessi flokkur á við um alla starfsþætti vegagerðar þar sem vélar eru á annað borð notaðar.

6.16. ÖRYGGISMERKINGAR

6.16.1. Reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum nr. 707/1995

Þessar reglur gilda um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda ekki um merki sem notuð eru vegna flutninga á vegum, járnbrautum, vatnaleiðum, sjó eða í lofti eða markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna, vara og búnaðar nema það sé sérstaklega tekið fram.

Í reglunum er fjallað um skyldu atvinnurekanda varðandi uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja og að ganga úr skugga að slík merki séu á stöðum þar sem hættu

er ekki umflúin. Einnig ber atvinnurekendum að upplýsa og leiðbeina starfsmönnum sínum um allar ráðstafanir sem gerðar eru varðandi öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustað. Í viðaukum reglnanna er svo fjallað um lágmarkskröfur varðandi skilti og önnur merki, staðsetningu og gerð slökkvibúnaðar, merkingar á hindrunum og hættulegum stöðum o.þ.h.

Þessar reglur gilda innan vinnusvæða við vegagerð, hvort sem er afmarkaðra byggingarsvæða, vinnubúða eða verkstæða.

6.17. ÖRYGGISSTARFSEMI / INNRA STARF Í FYRIRTÆKJUM

6.17.1. Reglur um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994

Reglurnar gilda um reglubundið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis á öllu landinu, þ.á.m. verkstæða og vinnubúða við vegagerð.

Slökkviliðsstjóri í hverju umdæmi hefur umsjón og eftirlit með því að kröfum þessarar reglna sé framfylgt. Hann skal hafa fullnægjandi samráð við aðra aðila er málið varðar, t.d. Brunamálastofnun ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Umhverfisstofnun, Rafmagnseftirlit ríkisins og brunatryggingafélög.

Reglurnar og tilheyrandi leiðbeiningar hafa að geyma ákvæði um hvernig eigendum, forráðamönnum og starfsmönnum atvinnuhúsnæðis beri að haga eldvarnaeftirliti sínu til að auðvelda þeim að sinna því eins og þeim ber skylda til samkvæmt lögum.

Markmiðið er að fyrirbyggja eignatjón og/eða manntjón og koma í veg fyrir röskun á högum og/eða rekstrarstöðvun af völdum bruna. Við vegagerð á þessi reglugerð við um vinnubúðir og verkstæði.

Í reglunum er m.a. fjallað um fræðslu starfsfólks, brunaæfingar, útkall slökkviliðs, leiðbeiningar brunamálastofnunar auk leiðbeininga um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.

6.17.2. Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja nr. 77/1982

Í reglugerðinni er fjallað um tilnefningu og hlutverk öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna. Öryggisvörður er tilnefndur af fyrirtæki og öryggistrúnaðarmaður af starfsmönnum. Það fer eftir stærð fyrirtækis hvort, og þá hversu marga, trúnaðarmenn þurfi. Ef innan við 10 starfsmenn vinna í fyrirtækinu þá er ábyrgðin varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í höndum atvinnurekanda og/eða verkstjóra í nánu samstarfi við félagslegan trúnaðarmann fyrirtækisins. Séu fleiri en tíu starfsmenn skal atvinnurekandi tilnefna einn öryggisvörð og starfsmenn tilnefna einn trúnaðarmann. Séu fleiri en 50 starfsmenn innan fyrirtækisins skal stofna öryggisnefnd. Í þá nefnd kjósa starfsmenn tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa.

Sé starfsemi fyrirtækisins skipt í sjálfstæðar starfseiningar má þetta fyrirkomulag gilda um hverja starfseiningu fyrir sig.

Á vinnusvæði þar sem verklegar framkvæmdir eru í gangi og fleiri en einn aðili koma að henni skal skipa sérstaka öryggisnefnd svæðisins.

Í reglunum er fjallað um framkvæmd kosninga, kjörgengi, kosningarétt, tilkynningaskyldu gagnvart Vinnueftirlitinu um öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn. Í reglunum er svo fjallað um hlutverk öryggisnefnda, fundartíðni og fyrirkomulag funda

og úrlausn ágreiningsefna. Einnig er fjallað um hlutverk og skyldur öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða og vinnuveitenda varðandi öryggis- og heilbrigðismál.

Ákvæði þessarar regla eiga við um rekstur bifreiðaverkstæða í tengslum við vegagerð.

6.18. AÐRAR REGLUGERÐIR

6.18.1. Byggingarreglugerð nr. 441/1998

Byggingarreglugerðin er afar umfangsmikil og í henni eru fyrst og fremst kröfur varðandi hönnun mannvirkja. Markmið þessarar reglugerðar er m.a.:

- a. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt,
- b. að gætt verði heilbrigðis-, umhverfis- og öryggissjónarmiða við byggingu og rekstur mannvirkja,

Í reglugerðinni eru nokkur atriði sem snúa að öryggismálum og tengjast vinnusvæðum, ýmis konar mannvirkjagerð s.s. stál- og steypuvirkjum, jarðgöngum og jafnvel verkstæðum. Þau ákvæði snúa fyrst og fremst að þessum stöðum sem byggingarvinnusvæðum og í þeim eru ákvæði um aðgengi og afgirðingu vinnusvæða, umgengni á vinnusvæðum og uppsetningu og frágangi vinnupalla. Einnig er minnst á aðbúnað í iðnaðar og geymsluhúsnæði hvað varðar brunavarnir.

7. SAMANTEKT

Eins og fram kom í upphafi þessarar skýrslu er við gerð útboðsgagna í dag stuðst við ritin *Alútboð '95* og *Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa*. Í þessum ritum er ekki fjallað nema að litlu leyti um kröfur varðandi heilsuverndar- og öryggismál við veglagningu. Vísað er almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir en hvergi er til samantekt yfir þau ákvæði sem lagaramminn felur í sér.

Markmið þessa verkefnis var að bæta úr þessu og vinna samantekt um lagaákvæði í heilsuverndar- og öryggismálum, greina þau með tilliti til helstu verk- og áhættuþátta í vega- og brúargerð og taka þessar upplýsingar saman á þann hátt að hægt væri að nýta þær við gerð útboðsgagna og eftirlit með verkefnum Vegagerðarinnar.

Í skýrslunni er fjallað um þau lög sem að tengjast öryggismálum og heilsuvernd á einhvern hátt. Um er að ræða sjö lög, þ.e. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, vopnalög, lög um eiturefni og hættuleg efni, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um tóbaksvarnir, upplýsingalög og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Allar reglugerðir og reglur sem byggja á þessum lögum voru greindar, u.þ.b. 90 talsins, og vinsaðar úr þær reglugerðir og reglur sem snerta vegagerð á einhvern hátt. Þær eru 43 talsins og byggja flestar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Kröfur þessara reglugerða voru greindar með tilliti til þess hvernig þær snerta starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Kröfulistinn er uppfærður m.v. 1. janúar 2005.

Gefin er stutt samantekt af innihaldi allra laga, reglugerða og regla í skýrslunni, og hvernig ákvæði þeirra almennt tengjast verkþáttum vegagerðar.

Greiningin, sem er að finna í heild sinni í viðauka 1, gefur ítarlegri upplýsingar um tengsl hvorrar einstaka greinar í reglugerðum og reglum við vegagerð. Þessar upplýsingar eru teknar saman í yfirlitstöflu í skýrslunni svo hægt sé á fljótlegan hátt að fá yfirlit yfir hvaða starfsemi vegagerðar tengist hverri reglugerð fyrir sig.

8. LOKAORÐ

Margir aðilar sem koma að framkvæmdum við vegagerð og eftirliti með vegafarmkvæmdum hér á landi. Fyrir þessa aðila er aðgengi að upplýsingum um það hvaða lagalegar kröfur eiga við viðkomandi starfsemi á hverjum tíma mikill fengur.

Vegagerðin gæti viðhaldið þessari greiningu á lagalegum kröfum sem hér hefur verið birt og haft lagalista ásamt tengslum við mismunandi verkþætti aðgengilegan á heimasíðu sinni. Með því að birta upplýsingarnar á stafrænu formi gefst jafnframt tækifæri til að gera þær enn aðgengilegri þar sem setja má gögnin fram á skilvirkari máta, með fleiri uppflætti- og leitarmöguleikum.

Þetta yfirlit gefur jafnframt færi á því að skilgreina nánar þær kröfur sem Vegagerðin gerir til öryggis- og heilsuverndarmála hjá verktökum í framkvæmdum á vegum hennar. Þannig getur greining á lagalegum kröfum sem hafist hefur með þessu verkefni verið grunnur að útgáfu öryggishandbókar Vegagerðarinnar, þar sem þeir þættir sem Vegagerðin leggur áherslu á í öryggis- og heilsuverndarmálum eru skilgreindir. Þær kröfur sem birtast í slíkri handbók geta verið hluti af útboðsgögnum Vegagerðarinnar.

Þessi samantekt er jafnframt mikilvæg sem grunnur að frekari vinnu að öryggis- og heilsuverndarmálum innan Vegagerðarinnar. Benda má á að samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber að gera áhættumat á öllum störfum. Þessi skýrsla er mikilvægur upphafspunktur í slíkri vinnu, þar sem greining á því hvaða ákvæði eiga við, og hver ekki, skýra línurnar fyrir slíkt mat. Jafnframt er vöktun lagalegra krafna á sviði vinnuverndar og öryggismála mikilvægur þáttur í virkri öryggisstjórnun hjá Vegagerðinni og hluti af vottunarhæfu öryggisstjórnunarkerfi t.d. skv. staðlinum OHSAS 18001 um öryggisstjórnun, sem er sambærilegur gæðastaðlinum ISO 9001 og umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001.

VIÐAUKI 1 - GREINING Á REGLUGERÐUM